

# Íslensk víðiyrki og klónar, lýsing, söfnun og varðveisla

Samson Bjarnar Harðarson



Landbúnaðarháskóli Íslands, 2022.

Rit Lbhí nr. 158

ISSN 1670-5785

ISBN 978-9935-512-33-8

Höfundur: Samson Bjarnar Harðarson

Ljósmynd á forsíðu: Samson Bjarnar Harðarson

Landbúnaðarháskóli Íslands starfar á sviði sjálfbærrar auðlindanýtingar, búvísinda, umhverfisvísinda, skipulagsfræði og matvælaframleiðslu á norðurlóðum. Fagfólk skólans nýtur akademísks frelsis og hefur sjálfðæmi við val á viðfangsefnum, túlkun niðurstaðna og birtingu þeirra, innan ramma starfsreglna skólans. Hlutverk Rits Lbhí er að miðla faglegri þekkingu en það er ekki ritrýnt. Efni hvers rits er á ábyrgð höfunda og ber ekki að túlka sem álit Landbúnaðarháskóla Íslands.

## Formáli

Þetta verkefni var unnið fyrir fjárstyrk frá Erfðanefnd landbúnaðarins og hófst upphaflega sumarið 2009. Það var unnið samhliða garðplönturannsóknum og söfnun plantna á vegum verkefnisins Yndisgróður sem rekið var af Landbúnaðarháskóla Íslands í samvinnu við Félag garðplöntuframleiðenda, Grasagarðs Reykjavíkur, Rannsóknarstöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá auk ýmissa sveitarfélaga sem hafa lagt til land, vinnu og kostnað við gerð safngarða og umhirðu þeirra.

Skýrsla var unnin veturinn 2012 – 2013 og svo endurskoðuð haustið 2022 fyrir útgáfu í rit Landbúnaðarháskóla Íslands. Allar myndir eru teknar af skýrsluhöfundum nema að annað sé tekið fram.

Samson Bjarnar Harðarson  
31. október 2022

## Efnisyfirlit

1	Inngangur - bakgrunnur.....	4
2	Markmið.....	5
3	Öflun upplýsinga og plantna.....	5
3.1	Inngangur.....	5
3.2	Skilgreiningar á hugtökum.....	5
3.3	Upplýsingaöflun.....	5
3.4	Öflun plöntuefniviðar.....	6
3.5	Fyrirkomulag safnbeða og gróðursetning.....	7
3.6	Vöktun- skráning lifunar og þrifa í víðisafni.....	7
4	Yrki og klónar íslenskra víðitegunda í rituðum heimildum.....	8
5	Tegundir, yrki og klónar í framleiðslu og sölu árið 2012 og 2022.....	10
5.1	Plöntusafn.....	11
6	Almennt um ræktun og notkun á víði.....	12
7	Yfirlit yfir víðiyrki.....	14
7.1	<i>Salix artica</i> - Fjallavíðir sem tegund og ræktunargildi hans.....	14
7.1.1	<i>Salix artica</i> – Fjallavíðir frá Hrótey við Blönduós (Yg 751).....	14
7.1.2	<i>Salix artica</i> – Fjallavíðir frá Kaldárdal (Yg 752).....	14
7.1.3	<i>Salix artica</i> – Fjallavíðir ‘Kálfamói’ (Yg 753).....	14
7.2	<i>Salix lanata</i> - Loðvíðir sem tegund og ræktunargildi hans.....	15
7.2.1	<i>Salix lanata</i> ‘Barmar’ (Yg 756).....	17
7.2.2	<i>Salix lanata</i> ‘Bolti’ (Yg 737).....	18
7.2.3	<i>Salix lanata</i> ‘Borgar’ (Yg 725).....	19
7.2.4	<i>Salix lanata</i> ‘Buðlungur’ (Yg 694).....	19
7.2.5	<i>Salix lanata</i> ‘Katlagil’ (Yg 711).....	19
7.2.6	<i>Salix lanata</i> ‘Kári’ (Yg 754).....	20
7.2.7	<i>Salix lanata</i> ‘Kjarni’.....	20
7.2.8	<i>Salix lanata</i> klónar frá Gunnfríðarstöðum (Yg 726, Yg 852, Yg 853, Yg 854 og Yg 855).....	20
7.2.9	<i>Salix lanata</i> klónn frá Glitbrá (Yg 733).....	23
7.2.10	<i>Salix lanata</i> klónn frá Kaldbaki (Yg 729).....	23
7.2.11	<i>Salix lanata</i> klónn frá Hraunkoti í Lóni (Yg 731).....	23
7.2.12	<i>Salix lanata</i> klónn frá Kirkjulækjarkoti (Yg 732).....	24
7.2.13	<i>Salix lanata</i> klónn frá Laugabrekku (Yg 689).....	24
7.2.14	<i>Salix lanata</i> klónn frá Laugabrekku - Þöll (Yg 728).....	24
7.2.15	<i>Salix lanata</i> klónn frá Mjóanesi við Hallormstað (Yg 626).....	25
7.2.16	<i>Salix lanata</i> klónn frá Tumastöðum (Yg 732).....	25
7.2.17	<i>Salix lanata</i> klónn frá Þorgautsstöðum (Yg 730).....	26
7.2.18	<i>Salix lanata</i> ‘Koti’ (Yg 688).....	26
7.2.19	<i>Salix lanata</i> frá Grundarfirði (Yg 734).....	27
7.2.20	<i>Salix lanata</i> klónn frá Hjallahálsi við Þorskafjörð (Yg 735).....	27
7.2.21	<i>Salix lanata</i> frá Kjarri (Yg 755).....	27
7.2.22	<i>Salix lanata</i> klónar frá Mjóanesi við Hallormstað (Yg 738).....	27
7.2.23	<i>Salix lanata</i> ‘Ljúfur’ KK (Yg 706).....	28
7.2.24	<i>Salix lanata</i> ‘Lyngberg’ (Yg 625).....	28
7.2.25	<i>Salix lanata</i> ‘Lækur’ KK (Yg 707).....	28
7.2.26	<i>Salix lanata</i> ‘Orka’ Kvk (Yg 690).....	28
7.2.27	<i>Salix lanata</i> ‘Skeiðarvogur’ (Yg 727).....	29
7.2.28	<i>Salix lanata</i> ‘Stórblaða Akureyri’ (Yg 743).....	30
7.2.29	<i>Salix lanata</i> ‘Tann’.....	30
7.2.30	<i>Salix lanata</i> ‘Vaðnes’ KK (Yg 708).....	30
7.2.31	<i>Salix lanata</i> ‘Vatnsendi’ (Yg 757).....	30
7.3	<i>Salix phylicifolia</i> - Gulvíðir sem tegund og ræktunargildi hans.....	31
7.3.1	<i>Salix phylicifolia</i> ‘Brekka’ (Brekkuvíðir) (Yg 142).....	32
7.3.2	<i>Salix phylicifolia</i> ‘Glit’ , Glitvíðir (Yg 739).....	33
7.3.3	<i>Salix phylicifolia</i> ‘Gunnsteinsstaðir’ (Yg 745).....	34
7.3.4	<i>Salix phylicifolia</i> klónn frá Hallormsstað (Yg 736).....	34
7.3.5	<i>Salix phylicifolia</i> klónn frá Holtsdal (Yg 544).....	34
7.3.6	<i>Salix phylicifolia</i> klónn frá Laxamýri (Yg 749).....	35
7.3.7	<i>Salix phylicifolia</i> klónn úr Nauthúsagili (Yg 570).....	35
7.3.8	<i>Salix phylicifolia</i> klónar frá Svanshóli í Bjarnarfirði (Yg 750).....	36

7.3.9	Salix phylicifolia - frá Sörlastöðum (Yg 741) .....	36
7.3.10	Salix phylicifolia 'Laugarás' – (Yg 742).....	37
7.3.11	Salix phylicifolia 'Mýrdalur' (Yg 746).....	38
7.3.12	Salix phylicifolia 'Sandi' Sandvíðir (Yg 744) .....	38
7.3.13	Salix phylicifolia 'Strandir' KK. Strandavíðir / Tröllatunguvíðir (Yg 115).....	38
7.3.14	Salix phylicifolia 'Sólheimar' (Yg 747) .....	40
7.3.15	Salix phylicifolia 'Tanngarður' (Yg 748).....	40
7.3.16	Salix phylicifolia 'Tunga' KK (Yg 740).....	40
7.4	Gulvíði og viðjublendingar – Salix phylicifolia x myrsinifolia.....	40
7.4.1	Salix 'Hreggstaðir' - Hreggstaðavíðir (Yg 300) .....	42
7.4.2	Salix 'Grásteinn' Grásteinavíðir (Yg 301).....	43
7.4.3	Salix 'Rökkur' Rökkurvíðir (Yg 103).....	44
7.4.4	Salix 'Skuld' Skuldarvíðir (Yg 302).....	45
7.4.5	Salix 'Þorlákur' (Yg 458) .....	45

# 1 Inngangur - bakgrunnur

Það eru fá lönd í heiminum þar sem notað er jafn mikið af tegundum víðis (*Salix sp.*) í ræktun og raun ber vitni hér á Íslandi (Samson B. Harðarson, 2009a). Mikið er notað af erlendum tegundum og yrkjum, svo sem alaskavíði (*Salix alaxensis*) og jörfavíði (*Salix hookeriana*) frá Alaska, selju (*Salix caprea*) og viðju (*Salix myrsinifolia*) frá Noregi, en einnig er notað töluvert af íslenskum yrkjum. Má fullyrða að óvíða sé til jafn mikið safn víðitegunda frá norðlægum slóðum og hérlendis og hafa erlendir aðilar eins og Norðmenn og Svíar leitað fanga hér um harðgerð yrki. Hingað til hefur ekki verið til heildstætt yfirlit á riti eða safn þessara tegunda hérlendis og er gerð tilraun til þess hér að bæta úr því hvað varðar yrki af íslenskum uppruna.

Fjöldi yrkja íslenskra víðitegunda í ræktun er töluverður og eru sumar þeirra með algengari garð- og skjólbeltaplöntum hérlendis svo sem yrkin Brekkuvíðir og Strandavíðir sem eru bæði afbrigði af gulvíði (*Salix phylicifolia*). Fæst íslensku yrkjanna hafa þó fengið yrkisheiti og er í raun lítið vitað um fjölda þeirra. Sum þessara yrkja hafa verið í ræktun í vel yfir hundrað ár eins og gulvíðirinn frá Sörlastöðum sem C. E. Flensborg skógarvörður tók í ræktun um 1901.

Áhugi á notkun íslenskra tegunda hefur aukist og því nauðsynlegt að fá skýrari yfirsýn yfir þann fjölbreytileika sem er til í ræktuðum íslenskum víðiyrkjum, skrásetja þau og varðveita og gera upplýsingar og plöntuefni við aðgengilegan til ræktenda. Aukinn áhugi birtist m.a. í því að ýmsir aðilar vilja fremur nota íslenskar plöntur en erlendir, bæði til notkunar í gördum og útivistarsvæðum og einnig til landgræðslu og frágangs á ferðamannastöðum.

Með samantekt á aðgengilegum upplýsingum um yrki íslenskra víðitegunda fyrir almenna garðeigendur, garðyrkjumenn, landslagsarkitekta og skjólbeltaræktendur, má búast við að notkunin verði meiri og markvissari. Þó íslenskar víðitegundir séu ekki nema fjórar talsins (*Salix artica*, *S. herbacea*, *S. lanata* og *S. phylicifolia*), þá er fjölbreytileiki þeirra mikill frá jarðlægum einstaklingum upp í upprétta 3-5 metra háan runna og allt þar á milli.

Ekki er til heildaryfirlit yfir yrki íslenskra víðitegunda þótt ýmislegt hafi verið ritað um íslenska víðinn t.d. Jóhann Pálsson: Víðir og víðiræktun á Íslandi, 1997, Óli Valur Hansson, 1972 og í nýlegum greinum Sigurðar Arnarsonar: Loðvíðir. birt 29. september 2022 (Sigurður Arnarson, 2022a) og Íslenskur víðir birt 26. október 2022 (Sigurður Arnarson, 2022b) báðar á heimasíðu Skógræktarfélags Eyfirðinga. Af rannsóknum sem gerðar hafa verið á arfgerðum íslensks víðis má telja rannsóknir Kesöru Anamthawat-Jónsson og samstarfsaðila á íslenskum afbrigðum gulvíðis, *Salix phylicifolia*: brekkuvíði og tunguvíði (Kesera Anamthawat-Jónsson, 2013). Þá má einnig nefna rannsóknir á líffræði íslenskra víðitegunda og notkunarmöguleikum þeirra í landgræðslu (Ása L. Aradóttir et. al., 1999, og Kristín Svavarsdóttir, ritstj., 2006) sem beindist að samanburði á klónum gulvíðis, loðvíðis og í minna mæli fjallavíðis, frá mismunandi stöðum á landinu (Ása L. Aradóttir ofl., 2007).

## 2 Markmið

Söfnun og varðveisla á ræktuðum íslenskum víðyrkjum hefur þann tilgang að gera heildstætt yfirlit í riti og aðgengilegt safn sem flestra yrkja og klóna þessara tegunda sem safnað hefur verið í um 100 ár. Það á að gefa góða mynd af fjölbreytileika þessa efniviðar sem oft hefur verið valinn vegna einhverra sérstæðra eiginleika hvað varðar útlit, harðgerði og ræktun.

Þegar lagt var af stað í þessu verkefni í upphafi árið 2009 voru meginmarkmiðin að; **a.** safna yrkjum loðvíðis og gulvíðis sem í ræktun eru, **b.** skrásetja upplýsingar um uppruna þeirra og ræktunarreynslu, **c.** byggja upp klónasafn sem staðsett verði á Hvanneyri á landi Landbúnaðarháskóla Íslands og **d.** skilgreina yrkin og gera aðgengilegar upplýsingar um þau og plöntuefnivið til ræktenda.

## 3 Öflun upplýsinga og plantna

### 3.1 Inngangur

Rannsóknin hefur í meginatriðum verið tvíþætt, annars vegar að leita upplýsinga um yrki og klóna íslenskra víðitegunda og hins vegar að safna saman efnivið frá garðplöntustöðvum og úr görðum og útivistarsvæðum.

Úrval íslenskra víðyrkja og klóna var kannað sem hluti af söfnun á upplýsingum og plöntum á vegum Yndisgróðurs á árunum 2009-2020. Ef viðkomandi yrki voru í ræktun voru plöntur jafnframt fengnar í safn Yndisgróðurs. Upplýsingum og plöntum var ýmist safnað í heimsóknnum á garðplöntustöðvar eða með tölvupósti. Árangurinn var minni en búist var við í fyrstu og kom lítið inn af yrkjum og upplýsingar um uppruna þeirra almennt mjög takmarkaðar.

### 3.2 Skilgreiningar á hugtökum

Í þessu riti eru hugtökin „yrki“ og „klónn“ mikið notuð og mikilvægt að átta sig á muninum. Hugtakið **klónn** (klón) er skilgreint sem hópur skilgreindra plantna ræktaðar með grænfjölgun (vegetative propagation), s.s. græðlingum af plöntu eða plöntum sem allar eiga uppruna sinn að rekja til eins og sama einstaklings.

Hugtakið **yrki** (sort, ræktunarafrbrigði, cultivar) er hinsvegar skilgreint sem hópur plantna sem hafa verið valdar sérstaklega til ræktunar á grundvelli einhverra sérstakra eiginleika sinna, t.d. útlits, harðgeris, uppskerumagns, blómlitar, o.fl. Yrki verða til við sérstakt úrval og / eða kynbætur og er oft en ekki þó alltaf fjölgað með græðlingum.

Í öllum tilfellum þegar talað er um yrki í þessari skýrslu er átt við klón, sem hefur í flestum tilfellum verið valinn af villtri plöntu en í nokkrum tilfellum af plöntu ræktaðri af fræi, og gefið yrkisheiti. Í þeim tilfellum sem ekki er talað um yrki er um að ræða klón sem ekki hefur verið gefið yrkisheiti. Nokkur fylgni er á því að klónar sem eru í almennri ræktun hefur verið gefið yrkisheiti en öðrum ekki, þetta er þó alls ekki algilt.

### 3.3 Upplýsingaöflun

Víða var leitað fanga við öflun upplýsinga, gerð var ítarleg könnun í rituðum heimildum um tegundir, yrki og klóna, gamallra sem nýrra og er vísað til þeirra í heimildaskrá.

Kannaðar voru upplýsingar í rituðum heimildum og upplýsingagrunninum Börkur sem gefinn er út af Friðriki Baldurssyni garðyrkjufraeðingi og garðyrkjustjóra Kópavogsbæjar (Friðrik Baldursson, 2007).

Í upplýsinga- og plöntusöfnun svo sem á heimasíðum hjá framleiðendum fengust mjög takmarkaðar upplýsingar um þau yrki og klóna sem eru í ræktun. Vegna þessa var gerður fyrirspurnarlisti sem var sendur út 19. nóvember 2012 til allra þáverandi gróðrarstöðva alls 20 aðila, allra skógræktarstjóra alls 6 aðila; rannsóknarstöðva Skógræktar ríkisins (nú Skógræktin) og sviðsstjóra Þjóðskóga, sjá meðfylgjandi lista. Í fyrirspurnarlista var spurt um;

- Hvaða yrki/klóna viðkomandi væri með í ræktun eða þekkti til?
- Hver er uppruni yrkja/klóna sem viðkomandi væri með/ þekkti til og hvenær var hann tekinn í ræktun?
- Hvort kynið er viðkomandi yrki/klónn?
- Hvort viðkomandi ætti plöntur sem væri hægt að setja í safn Yndisgróðurs?
- Hvort viðkomandi vissi um áhugaverða klóna sem ekki eru í ræktun eða sem einhver annar er með í ræktun og er ekki á meðfylgjandi lista?
- Annað- allar upplýsingar þegar.

Með þessu var sendur listi sem var tekin úr upplýsingagrunninum Berki, alls 11 loðvíðyrki, 4 gulvíðyrki og 5 yrki gulvíðiblandinga.

Í kjölfarið var hringt í alla aðila og upplýsingar skráðar niður í samtali eða að upplýsingar voru sendar í tölvupósti frá viðkomandi aðilum. Nokkuð safnaðist inn af upplýsingum sem ekki hafði náðst að afla áður, bæði um yrki sem þegar voru skráð í gagnagrunn Yndisgróðurs en einnig um nokkur ný. Í heild verður þó að segja að merkilega lítið er í ræktun af íslenskum víðiklónum/yrkjum og vitneskja um þau oftast nær af afar skornum skammti. Í nóvember 2022 var aftur hringt í starfandi gróðrarstöðvar og spurt um hvort sömu yrki væru enn í framleiðslu og árið 2012 og hvort einhver ný væru komin. Á þessum 10 árum sem liðið hafa á milli hefur yrkjum fækkað í framleiðslu og engin ný skráð. Þetta virðist haldast í hendur við snarminkandi áhuga á ræktun víðis og er að öllum líkindum um að kenna auknum óþrifum vegna sjúkdóma og óværu ýmiskonar.

Upplýsingar voru fengnar um safn 107 víðiklóna sem safnað var víðsvegar um land af Kristínu Svavarsdóttur og Ásu L. Aradóttur á vegum Landgræðslu ríkisins og var safnið skoðað með tilliti til áhugaverðra garðplantna. Víðiklónarnir sem eru í því safni eru ekki í almennri framleiðslu og voru því ekki teknir með í safn Yndisgróðurs.

Skýrsluhöfundur gerði könnun á víðiklónum í gördum og útivistarsvæðum víða um land en í flestum tilfellum er ómögulegt að meta um hvaða yrki er að ræða og í sumum tilfellum voru runnarnir sjálfsprottnir, en það gaf hugmynd um fjölbreytni, harðgeri og notkunarmöguleika tegundanna. Í einhverjum tilfellum tók skýrsluhöfundur græðlinga af nokkrum þeim allra álitlegustu til ræktunar fyrir klónasafn.

Alls var safnað upplýsingum um 46 yrki og klóna, þau skiptast þannig milli tegunda; fjallavíðir 3, loðvíðir 23, gulvíðir 15 og blendingar gulvíðis og víðju 5. Listi og umfjöllun fylgir hér á eftir. Takmarkaðar upplýsingar fengust um mörg yrkin og ber skráningin þess merki.

### 3.4 Öflun plöntuefniviðar

Nokkrar plöntur fengust frá framleiðendum, en í flestum tilfellum var plöntum fjölgað með græðlingum af skýrsluhöfundum sem hann ýmist safnaði sjálfur eða fékk send frá hlutaðeigandi aðilum.

Fengin var aðstaða til uppeldis plantna af græðlingum í tilraunahúsi Landbúnaðarháskóla Íslands, staðsett á Hvanneyri. Græðlingum var stungið í 1 l potta snemma vors 2014, plönturnar urðu fyrir þurrskemmdum í júlí þegar sumarleyfi voru og ekki var nægjanlega fylgst með vökvun og loftun í húsinu sem olli því að plönturnar voru lengi að jafna sig og ekki komnar í gróðursetningarstærð um haustið. Þær voru yfirvetraðar úti í reitum frá hausti 2014 og framræktaðar vorið 2015 og tilbúnar undir lok júní til gróðursetningar.



Alls var safnað plöntum eða græðlingum af 19 yrkjum og klónum, 10 af loðvíði, 4 af gulvíði og 5 af víðiblendingum sem gróðursettir voru í safn á Hvanneyri, en einnig í Sandgerði og á Reykjum.

### 3.5 Fyrirkomulag safnbeða og gróðursetning

Í upphaflegri áætlun verkefnisins var gert ráð fyrir safni á Hvanneyri. Þar sem lítið safnaðist inn af plöntum og einnig vegna þess að ekki var hægt að byrja á framkvæmdum á safni á Hvanneyri var ákveðið að koma safninu fyrir í Sandgerði og á Reykjum. Auk þess voru nokkur yrki sem voru gróðursett í Sandgerði og á Reykjum einnig gróðursett á Blönduósi.

Á Hvanneyri var síðan komið upp sérstökum beðum fyrir safnið sumarið 2014 en ekki var gróðursett í það fyrir en í júní 2015 og seinna bætt við nokkrum klónum vorið 2015. Plönturnar voru gróðursettar í gegnum jarðvegsdúk í einfaldri röð og með eins meters millibili. Ásamt víðinum voru einnig gróðursett nokkur tré auk runna svo sem hélurifs.

Þrif víðiplantnanna í beðunum á Hvanneyri reyndust ekki mjög góð í upphafi og er hugsanlegt að jarðvegurinn sem var að nokkru leyti óbrotin mýrarmold úr nærliggjandi húsgrunnum hafi verið ástæðan. Eftir á að hyggja hefði þurft að gæta betur að þessu og jarðvegsbæta með grófum sandi eða mól til að fá betri loftun auk þess að kalka betur t.d. með skeljasandi.

### 3.6 Vöktun- skráning lifunar og þrifa í víðisafni

Sá víðir sem er í söfnunum á Hvanneyri, Reykjum, Sandgerði og Blönduósi hefur verið vaktaður m.a. hver planta ljósmynduð öll árin frá gróðursetningu til ársins 2021.

## 4 Yrki og klónar íslenskra víðitegunda í rituðum heimildum

C.V. Flensburg var einn sá fyrsti sem starfaði á Íslandi sem fagmaður við skógrækt á árunum 1900 til 1906 og skrifaði árlega skýrslur um starfið. Þegar í skýrslu sinni fyrir árið 1900 segir hann frá því að vel megi nota gulvíði í ræktun hérlendis (Flensburg, Skovrester og Nyanlæg af Skov paa Island, 1901). Í skýrslu sinni frá 1905 segir hann svo frá sérstaklega gróskumiklum gulvíði frá Sörlastöðum í Fnjóskadal sem hann hafi ræktað í skógarreitum og uppeldisstöðvum á sínum vegum undanfarin ár (Flensburg, 1905; bls. 7-8). Víða er minnst á ræktun gulvíðis frá Sörlastöðum, Fnjóskadal eða úr Þingeyjarsýslu og má gera ráð fyrir að þar hafi oftast verið um að ræða plöntur af gulvíðinum frá Sörlastöðum. Sigtryggur Guðlaugsson segir t.a.m. frá því í dagbók sinni „*Skrúður á Núpi – Græðsla og gróður í fjörtíu ár (1909-1949)*“ að „Gulvíðigræðlinga fékk ég úr Sörlastaðaviði í Fnjóskadal 1908. Gróðursetti þá meðfram götunni að gosbrunninum“ (Sigtryggur Guðlaugsson, 1909-1949). Víðir „norðan úr Þingeyjarsýslu“ var gróðursettur í Hljómskálagarðinn 1945 og er hann líklega af þessu kvæmi (Morgunblaðið, 1962).

Í bók sinni *Bjarkir* frá 1914 getur Einar Helgason, sem rak gróðrarstöð í Reykjavík, ekki um nein íslensk yrki víðis, en segir að sjálfsagt sé að gróðursetja innlendu tegundina gulvíði (*Salix phylicifolia*) í gördum. Loðvíði og grávíði virðist hann ekki hafa í ræktun en getur um það að vandaliði sé að rækta þær tegundir í gördum og auðgert sé að flytja þær heim úr haglendinu (Einar Helgason, 1914). Í garðyrkjuritinu 1934 segir Einar um gulvíði að hann verði þroskamikill í gördum en getur ekki um klón eða yrki. Grávíði nefnir hann bara á nafn en segir ekkert um loðvíði, það ber þó að hafa í huga að þessi heiti hafa áður fyrr verið notuð jöfnum höndum um loðvíði.

Jón Rögnvaldsson minnst einungis lauslega á loðvíði í umfjöllun um notkun runna í bók sinni *Skrúðgarðar*, að þeir séu heppilegir til að nota við grunn húsa (Jón Rögnvaldsson, 1953 (1937):53) eða í plöntuþyrpingu og nefnir einnig þar gulvíði (1953 (1937):56) og í limgarða segir hann gulvíði heppilegan.

Í bók Ingólfs Davíðssonar og Ingimars Óskarssonar *Garðagróður* frá 1950 er ekki getið um nein yrki. Þar er þó getið lítillega um tegundirnar loðvíði, grávíði og gulvíði. Loðvíði segja þeir að sé falletur í limgerði eða smáþyrpingar. Um grávíði er sagt að hann sé falletur í steinhæðir og getið um plöntur í garði við Hávallagötu 11 í Reykjavík og sagt að við athugun á tegundinni hafi komið í ljós nokkur munur á þeirri plöntu sem þar vex og er innflutt og alinnlendum eintökum (Ingólfur Davíðson og Ingimar Óskarsson, 1950:138-139). Gulvíði segja þeir að sé nothæfur í limgerði en ekki heppilegur og að ekki ætti að rækta hann nema í stórum skrudgördum og þá einan sér í horni. (Ingólfur Davíðson og Ingimar Óskarsson, 1950:142). Þar er jafnframt getið um að gulvíðir geti orðið 6 m í gördum og að í Reykjavík séu til eintök lítið yfir 4 m.

Undarlegt má telja að Kristmann Guðmundsson minnst ekkert á íslensku víðitegundirnar í annars ágætri bók sinni *Garðaprýði* frá 1961.

Stuttlega er minnst á gulvíði og loðvíði í bókinni *Tré og runnar í litum* eftir Ingólf Davíðson og Verner Hance frá árinu 1961 sem Skuggsjá gaf út. Þar segir „einnig falletur í limgerði, Íslenzkur gulvíðir (*Salix phylicifolia*) og einnig í seinni tíð loðvíðir (*Salix lanata*). (I. Davíðsson og V. Hance, 1961, bls. 165).

Í *Skrúðgarðabókinni*, sem Garðyrkjufélag Íslands gaf út árið 1967 og var ritstýrt af Óla Val Hanssni, er sagt frá eftirfarandi tegundum og yrkjum: **Brekkuvíðir** er sagður nýlegur í ræktun og að ekkert sé vitað um uppruna hans, loðvíðir sé harðgerður um allt land og eigi miklu meiri útbreiðslu skilið og að lokum að gulvíðir sé harðgerður en oft ásóttur af ryði en ætti að nota meira á erfðari stöðum og eru yrkin/klónarnir Glitvíðir og Sandvíðir sérstaklega nefnd (Óli Valur Hansson, 1967:114). Í útgáfu *Garðagróðurs* frá 1968 segir að á síðastliðnum áratug hafi verið í ræktun blaðfögur og harðgerð víðitegund, kölluð brekkuvíðir, en ekki sé vitað um uppruna hans. (Ingólfur Davíðson & Ingimar Óskarsson, 1968: 186-187).

Loðvíðir er nefndur í bókinni *Tré og runnar – handbók ræktunarmannsins* eftir Ásgeir Svanbergsson sem kom út árið 1981 og endurútgefin 1989. Ekki er minnst á nokkra klóna en hann sagður harðger en nokkuð viðkvæmur fyrir ryðsvepp (bls. 185). Jafnframt er minnst á grasvíðir (*Salix herbacea* bls. 183) og grávíði (*Salix callicarpaea* bls.182) en ekkert talað um yrki eða klóna.

Um gulvíði er einnig talað í bókinni og klónarnir Glitvíðir og Sandvíðir nefndir. Sandvíðir er sagður „kominn af gulvíði, blendingur með rauðbrúnum greinum, oft hálfskriðull.“ (bls. 187). Jafnframt er talað um að gulvíðir og blendingar sé oft illa haldnir af ryðsveppi.

Brekkuvíðir er ekki undir tegundaheitinu *Salix phylicifolia* enda þá talinn blendingur gulvíðis og loðvíðis. Hann er sagður algeng limgerðisplanta um allt land en nokkuð næmur fyrir ryðsvepp og lús sunnanlands (bls. 188).

Í gagnasafninu *Börkur frá 2007* (Friðrik Baldursson, 2007) eru eftirfarandi yrki skráð:

**Loðvíðir;** *Salix lanata* ‘Barmar’, *Salix lanata* ‘Hraunkot’, *Salix lanata* ‘Katlagil’, *Salix lanata* ‘Kjarni’, *Salix lanata* ‘Lækur’, *Salix lanata* ‘Nátthagi’, *Salix lanata* ‘Tann’, *Salix lanata* ‘Vatnsendi’, *Salix lanata* ‘Vaðnes’,

**Gulvíðir;** *Salix phylicifolia* ‘Glitvíðir’, *Salix phylicifolia* ‘Gunnsteinsstaðir’, *Salix phylicifolia* ‘Laugarás’, *Salix phylicifolia* ‘Sandvíðir’ (‘Sandi’), *Salix phylicifolia* ‘Strandavíðir’ (‘Tröllatunguvíðir’), *Salix phylicifolia* ‘Mýrdalur’, *Salix phylicifolia* ‘Tanngarður’, *Salix phylicifolia* ‘Sólheimar’, *Salix phylicifolia* ‘Tunguvíðir’, *Salix phylicifolia* ‘Þorlákur’.

Í nokkrum tilfellum eru tegundir nefndar án þess að þær séu tilgreindar sem ákveðin yrki.

## 5 Tegundir, yrki og klónar í framleiðslu og sölu árið 2012 og 2022

Kannað var hvaða tegundir, yrki og klónar voru í ræktun og sölu árið 2012. Niðurstöðurnar sýna að einungis eitt yrki er í ræktun hjá 5 framleiðendum eða fleirum, það er gulvíðirinn ‘Strandir’ sem er framleiddur hjá 15 aðilum. Næstur þar á eftir var Brekkuvíðir sem er framleiddur hjá 5 aðilum. Loðvíðir í framleiðslu er af mjög breytilegum yrkjum og var yrkið ‘Katlagil’ algengast (4) og síðan ‘Vatnsendi’ (3), líklegt er þó að þessi yrki séu í ræktun hjá fleirum en þá óskilgreindir.

Í heild voru í ræktun **árið 2012 30 klónar/yrki** af íslenskum víði þar af 19 af loðvíði, 3 af gulvíði og 6 af gulvíðiblendingum. **Árið 2022** hefur þessi fjöldi minkað um meira en helming, **klónar/yrki eru 13** þar af 6 af loðvíði, 2 af gulvíði og 3 af gulvíðiblendingum.

Þetta virðist haldast í hendur við snarminkandi áhuga á ræktun víðis og er að öllum líkindum um að kenna auknum óþrifum vegna sjúkdóma og óværu ýmiskonar.

Tegund	Yrki/ kvæmi	Framleiðendur á hverju yrki/klón 2012	Framleiðendur á hverju yrki/klón 2022
Grávíðir	Kaldidalur	1	1
Grávíðiblendingur	‘Kálfamói’	1	1
Loðvíðir	‘Vatnsendi’	3	4
	‘Vaðnes’ Kk	2	
	‘Lækur’ Kk	1	
	‘Katlagil’ Kk	4	5
	‘Koti’ Kk	1	1
	‘Laugabrekka’ Kvk	2	
	Frá Mjóanesi/Hallormsstað Kk	1	1
	‘Ljúfur’ KK	1	
	af Barðaströnd	1	
	Frá Hraunkoti	1	1
	gamall Þorgautstaðir	1	
	frá útgörðum Hvolsvelli	1	1
	Nr. 11 frá mýrinni við Kjarr	1	
	Nr. 2 frá mýrinni við Kjarr	1	
	Glitbrá	1	
	Laugabrekka bland	1	
	Skriðull frá Nátthaga	1	
	Kári	1	
	Laugabrekka Kvk	1	
Gulvíðir	‘Strandir’ Kk	15	6
	‘Brekka’ Kvk	5	4
	Frá Héraði	1	
Gulvíðiblendingar	‘Skuldarvíðir’ KK	2	
	‘Þorláksvíðir’ KK	2	1
	‘Rökkurvíðir’ KK	2	
	‘Hreggstaðavíðir’ Kvk	4	2
	‘Grásteinavíðir’ KK	3	2
	Borgarvíðir	1	

## 5.1 Plöntusafn

Eftirfarandi yrki og klónar hafa verið gróðursettir í söfn Yndisgróðurs:

### **Salix lanata - Loðvíðir**

Yg 711 'Katlagil'	- Sandgerði (I8a)
Yg 716 klónn frá Færeyjum	- Reykir (U2a)
Yg 626 klónn frá Mjóanesi	- Blönduós (H7) og Sandgerði
Yg 688 'Koti'	- Hvanneyri, Sandgerði (L6 og N1) og Blönduós (C4)
Yg 689 'Laugabrekka'	- Sandgerði (O4)
Yg 706 'Ljúfur'	- Sandgerði (N3)
Yg 625 'Lyngberg'	- Reykjum, Blönduósi (G2b, pl. 2011), Sandgerði (N5 & L4, pl. 2011) og Hvanneyri (pl. 2011)
Yg 707 'Lækur'	- Sandgerði (M6a)
Yg 690 'Orka'	- Hvanneyri og Sandgerði (O5)
Yg 708 'Vaðnes'	- Sandgerði (N2)
Yg 725 'Borgar'	- Hvanneyri
Yg 757 'Vatnsendi'	- Hvanneyri
Yg 846	Mjóanes 1 - Hvanneyri
Yg 847	Mjóanes 2 - Hvanneyri
Yg 848	Mjóanes 3 - Hvanneyri
Yg 849	Mjóanes 4 - Hvanneyri
Yg 850	Mjóanes 5 - Hvanneyri
Yg 851	Mjóanes 6 - Hvanneyri
Yg 852	Gunnfríðarstaðir Orange nr 1 - Hvanneyri
Yg 853	Gunnfríðastaðir grænn nr 1 - Hvanneyri
Yg 854	Gunnfríðastaðir Orange nr 2 - Hvanneyri
Yg 855	Gunnfríðastaðir Gamli nr 4 - Hvanneyri
Yg 856	Miklabraut B - Hvanneyri
Yg 857	Miklabraut A, kvk - Hvanneyri
Yg 858 Kristnes	- Hvanneyri
Yg 859 'Mikli'	- Hvanneyri
Yg 894 'Buðlungur'	- Hvanneyri

### **Salix phylicifolia - Gulvíðir**

Yg 142 'Brekka'	- Sandgerði (I5)
Yg 544 Brekkuvíðitýpa úr Holtsdal	- Sandgerði (M8) 1 pl. og Reykir (X1)
Yg 570 Brekkuvíðitýpa frá Nauthúsagili	- Reykir (V1)
Yg 115 'Strandir'	- Sandgerði (I7)
Yg xxx 'Skarði'	- Hvanneyri

### **Salix x majalis - Gulvíðiblandingar**

Yg 302 'Skuld'	- Sandgerði (J1)
Yg 458 'Þorlákur'	- Sandgerði (O9)
Yg 103 'Rökkur'	- Sandgerði (J2)
Yg 300 'Hreggstaðir'	- Sandgerði (J4)
Yg 301 'Grásteinar'	- Sandgerði (J3) og Blönduós (A18)

## 6 Almennt um ræktun og notkun á víði

Víðir hefur ýmsa ákjósanlega eiginleika til ræktunar og notkunar sem garð og landslagsplanta, þær tegundir sem helst eru í ræktun eru flestar harðgerar og þrífast vel í köldum og blautum moldarjarðvegi.

Ein helsta ástæða þess að víðir hefur orðið svo algengur í ræktun sem raun ber vitni er hversu auðvelt er að fjölga honum með vetrargræðlingum. Þetta er mun einfaldari og meðfærilegri aðferð en til að mynda að sá fræi eða koma til viðkvæmum sumargræðlingum. Einnig eru flestar víðitegundir fljótar að komast á legg og þrífast vel í íslenskum jarðvegi, jafnvel í kaldri og óbrotinni mýrarmold. Það er einnig mikill kostur að þegar plöntu er fjölgað með græðlingi verður hún alveg eins og móðurplantan, en það kallast klónaræktun. Það er ólíkt fræfjölguðum plöntum sem geta verið mjög ólíkar foreldrum sínum vegna erfðablöndunar.

Það eru hinsvegar ýmis atriði sem gera flestar víðitegundir varasamar í ræktun, sem í sumum tilfellum geta yfirskyggt kosti þeirra. Til þess að átta sig betur á kostum hans og göllum er því mikilvægt að kanna helstu eiginleika tegunda í víðiættkvíslinni og verður það gert síðar í þessari grein. En skoðum fyrst helstu þætti víðiræktunar hérlendis í sögulegu ljósi.

Nær allar víðitegundir eru svokallaðir frumherjar. Frumherji er tegund sem hefur hæfileika til að vaxa upp á ógrónu eða lítið grónu landi í óproskuðum jarðvegi og án skjóls. Víðitegundir eru með fyrstu plöntum til að nema land þar sem jöklar hörfa, á áraurum og þar sem land rofnar af einhverjum ástæðum. Sumar þeirra stórvaxnari eru fljótar að vaxa upp þar sem raki er nægur og er víðir því algengur nálægt vatni og vatnsfarvegum, t.d. alaskavíðir og jörfavíðir (Viereck L. A., 1989). Aðrar víðitegundir eins og gulvíðir, loðvíðir, viðja og selja eru nægjusamari og geta vaxið upp á röskuðu landi þar sem aðgangur að vatni er takmarkaðri og jarðvegur ófrjósamari (Christopher, 1992:33-34). Þolsvið ættkvíslarinnar er því nokkuð vítt hvað varðar kröfur til jarðvegs. Annar eiginleiki sem allflestar frumherjategundir eiga sammerkt er að þær eru mjög sólelskar og láta því fljótt undan síga nái aðrar tegundir að veita þeim samkeppni um birtu, það er því til að mynda algeng framvinda að sjá aðrar trjátegundir vaxa þeim yfir höfuð og skyggja þær út. Í Skandinavíu og Alaska eru þetta tegundir af ættkvíslum eins og birki (*Betula*), ölur (*Alnus*) ösp (*Populus*) fura (*Pinus*) og síðar greni (*Picea*) (Walker, Zasada, & Chapin, 1986, 67: 1243-1253). Við vötn og á votlendari svæðum eru það hinsvegar oft elritegundir eins og gráelri (*Alnus incana*) og svartelri (*A. glutinosa*) í Evrópu og bláelri (*A. tenuifolia*) og ryðelri (*A. rubra*) í Alaska sem taka við af víðinum og mynda hástig gróðursamfélag (Viereck L. A., 2007).

Rannsóknir á Íslandi hafa sýnt að birki vex mun betur upp á rýru landi ef það er í nágrenni við víði og er það rakið til sameiginlegra svepprótategunda sem þessar tvær tegundir geta myndað sambýli við (Magnússon, 2001). Undirgróður er gjarnan mjög gróskulegur undir gulvíðikjarri og margir þekkja til þess að oft er mikill illgresisvöxtur undir víðirunnum. Ástæðan er sú að líkt og með margar ljóselskar tegundir hleypir víðir mikilli birtu niður undir sig. Hann laufgast oft einnig tiltölulega seint á vorin (þó svo margar tegundir blómstri oft snemma) sem eykur enn á birtuna sem hann sleppir í gegn og þetta notfærir annar gróður sér. Þetta getur bæði verið kostur og galli. Kostur ef við notum víði sem fósturtegund<sup>1</sup> en galli ef við notum hann til að loka beðum til að halda niðri illgresi. Í skjólbeltarækt er því upplagt að gróðursetja skuggþolnar og jafnvel skrífandi trjá- og runnategundir við hlið víðis, þær geta svo vaxið inn í víðinn og að lokum yfirtekið rými hans (Norrie, 1997).

Víðir hefur jafnframt aðra jákvæða eiginleika í uppbyggingu vistkerfa, ekki síst íslensku tegundirnar gulvíðir og loðvíðir (Ása L. Aradóttir et. al., 1999). Flestar víðitegundir eru mikil uppspretta fyrir fæðu ýmissa smádyra, allt frá því að vera uppspretta hunangs snemma á vorin fyrir hunangsflugur og býflugur og sem fæða fyrir fiðrildaliffrur og önnur beitardýr.

---

<sup>1</sup> Fósturtegund er hér skilgreind tegund sem skal skýla viðkvæmari tegundum á meðan þær eru að komast á legg, en skal svo fjarlægja að því loknu.

Af þessu má sjá að víðir hefur marga kosti sem fósturtegund sem gefur skjól fyrir aðrar tegundir sem eiga erfiðara með að vaxa upp af ógrónu eða skjóllausu landi.

Sjá meira um víði í greininni „Um kosti og galla víðis í ræktun“ í Skógræktarritinu 2009 1.tbl. (Samson Bjarnar Harðarson, 2009a)



*Gulvíðir á Þingvöllum*

## 7 Yfirlit yfir víðyrki

### 7.1 *Salix artica* - Fjallavíðir sem tegund og ræktunargildi hans

Jarðlægur runni. Lítið notaður í garða en fer ágætlega í steinhæðir. Áður kallaður grávíðir. Ekki hentugur sem þekjandi, sjá umfjöllun um loðvíði.

#### 7.1.1 *Salix artica* – Fjallavíðir frá Hrótey við Blönduós (Yg 751)

**Uppruni:** Hrótey við Blönduós.

**Lýsing og eiginleikar:** Jarðlægur kvenkyns runni, greinar dökkar, falleg blómgun.

**Tilraunaræktun:** Engin kerfisbundin tilraunaræktun.

**Aðgengi:** Var í ræktun í Gróðrarstöðinni Birkihlíð í Kópavogi.

**Heimildir:** Ágúst Þór Bragason. Munnleg heimild 24. febrúar 2013.

#### 7.1.2 *Salix artica* – Fjallavíðir frá Kaldárdal (Yg 752)

**Uppruni:** Kaldárdalur.

**Lýsing og eiginleikar:** Ekkert er vitað um þennan klón.

**Tilraunaræktun:** Engin kerfisbundin tilraunaræktun.

**Aðgengi:** Er í ræktun í Gróðrarstöðinni Þorgautsstöðum 2 í Borgarfirði.

**Heimildir:** Árni Brynjar Bragason. Munnleg heimild 27. nóvember 2012.

#### 7.1.3 *Salix artica* – Fjallavíðir 'Kálfamói' (Yg 753)

**Uppruni:** Frá eyrum við Jökulsá á Fjöllum um 1980, safnað af Jóhanni Pálssyni grasfræðingi. Var ræktaður í Lystigarði Akureyrar en barst svo til ræktunarstöðvar Reykjavíkurborgar þegar Jóhann Pálsson hætti sem forstöðumaður Lystigarðsins á Akureyri og gerðist Garðyrkjustjóri Reykjavíkurborgar. Yrkisheitið Kálfamói er í raun byggt á mistökum því það heiti átti í raun að tilheyra öðru yrki upprunnið í sumarbústaðalandi Jóhanns Pálssonar í Kálfamóa á Keldum í Reykjavík. Yrkið 'Kálfamói' er blendingur grávíðis (*Salix artica*) og grasvíðis eða loðvíðis (*Salix lanata*) og grasvíðis.

**Lýsing og eiginleikar:** Jarðlægur víðir. Er fljótvoxinn og harðgerður og hentar sem steinhæðaplanta. Jarðlægar víðitegundir sem vaxa hérlendis eru duglegar að mynda blendinga sín á milli. Þegar kálfamóavíðirinn fannst héldu menn fyrst að hann væri blendingur grasvíðis og loðvíðis. Nú hefur komið í ljós að hann er blendingur grávíðis og loðvíðis og er kvenkyns. Þetta er alveg jarðlægur víðir með mjög stór, dökkgræn blöð og fallega rauða rekla sem grána síðan. Hann er mjög fallegur og á alla athygli skilið. Hægt er að nota hann með loðvíði eða í stað hans, í steinhæð og sem jaðar- eða þekjuplöntu. Mosskógur eru búnir að vera með þennan víði í framleiðslu í ein 4 ár og vonir standa til að hann nái verulegri útbreiðslu, því hann er eins og Strandavíðirinn, mjög harðger, salt og vindþolinn og laus við meindýr.

**Aðgengi:** Er óvíða í ræktun, en er m.a. til í Lystigarðinum á Akureyri. Í sölu í gróðrarstöðinni Glitbrá.

**Heimildir:** Ólafur Sturla Njálsson. Tré og runnar, 3. hluti, *Salix*. 2005:309.

Morgunblaðið. 1994. Strandavíðir og kálfamóavíðir – fást í gróðrarstöðinni Mosskógum í Mosfellsdal. Morgunblaðið 1. júní 1994:20.



## 7.2 *Salix lanata* - Loðvíðir sem tegund og ræktunargildi hans

**Uppruni:** Vex villtur um allt land en nokkur breytileiki getur verið á vaxtarformi, blaðgerð og hæringu eftir svæðum og innan svæða. Vex í móum, hlíðum og bökkum einkum þar sem sendið er.

**Vaxtarlag:** Loðvíðir hefur marga góða eiginleika sem garð- og landslagsplanta. Fjölbreytni í vaxtarlagi gefur kost á að velja yrki sem eru jarðlæg og upp í um 2ja m háa runna. Greinabygging er einnig breytileg frá því að vera jarðlægur greinar, útbreytt eða upprétt. Greinar eru loðnar og gefa fallett litaspil bæði sumar og vetur.

**Blómgun:** Loðvíðir er sérbyll eins og aðrar víðitegundir sem þýðir að planta er annaðhvort karlkyns eða kvenkyns. Að öllu jöfnu er kostur að velja karlkyns klóna því að þeir blómstra fallega gulum rekkjum sem falla svo af að blómstrun lokinni. Kvenkynsklónar blómstra hinsvegar grænleitum rekkjum sem haldast á eftir blómgun til fræþroska, þegar þeir svo að lokum opnast og dreifa fræi með hjálp fræullar. Fræullin er að flestra mati til lýta á runnanum og óþrifa þegar hún berst um. Sjálfsprottinn plöntur af fræi geta orðið til ama. Á náttúrusvæðum og í landgræðslu getur þetta hinsvegar talist ótvíræður kostur.

**Laufblöð:** Blöðin oddbaugótt til eggлага, fjaðurstrengjött blöð 3-5 cm löng og 1,5-2,5 cm breið, stundum allt að því kringlótt og oft með bylgjuðum jöðrum. Hæring er nokkuð breytileg silkihærð í fyrstu, síðar mattgræn á efra borði en blágræn á því neðra, heilrennd, 2-5 cm að lengd, stór og áberandi breið axlablöð, heilrennd. Hefur áberandi axlarblöð. Loðvíðir blandast oft við aðrar víðitegundir, sérstaklega fjallavíðir, *Salix artica* og vantar þá oft axlarböð.

**Haustlitir:** Gulir haustlitir, koma oft seint og eru mismiklir eftir tíðarfari. Í sumum tilfellum hangir lauf á runnum fram eftir hausti.

**Harðgerði og heilbrigði og ræktun:** Loðvíðir af íslenskum uppruna er að öllu jöfnu mjög harðgerður um allt land, einnig á hálendinu. Hann finnst gjarnan í sendnum jarðvegi í náttúrunni og hefur nokkurt þurrkþol, þrífst vel í margskonar jarðvegsgerðum og verður einkar stórvaxinn og gróskumikill í frjósömum jarðvegi. Þolir mjög illa skugga og lætur fljótt undan síga lendi hann í skugga trjáa. Þar sem loðvíðir laufgast seint miðað við annan gróður, þar á meðal illgresi, hentar hann illa sem þekjandi runni. Jarðlæg yrki ætti einkum að nota þar sem plantan getur vaxið yfir grjót, hellulögn eða vegg. Hávaxnari yrki ætti gjarnan að nota með lágvaxnari þekjandi runnum eða fjölæringum svo sem hélurifsi (*Ribes laxiflorum*), kirtilrifsi (*Ribes glandulosum*), ilmblágresi (*Geranium macrorrhizum*) og Dílatvítönn (*Lamium maculatum*). Loðvíðir nýtur sín vel með sígrænum runnum og runnum sem hafa dökkan eða rauðan blæ á greinum og blöðum. Loðvíðir ætti alltaf að rækta þar sem hann fær fulla sól. Hann hentar ekki í klippt limgerði en því betur í blönduð gróðurbeð og náttúrugarða og nýtur sín einkar vel með lynggróðri. Loðvíðir er hentug landgræðsluplanta sérstaklega í sendum jarðvegi. Vinsældir hans sem garðplanta jukust sérstaklega upp úr 1980, það tengist vafalaust breytingum á skipulagi garða í átt að frjálslægri og náttúrulegri gróðurnotkun í stað formfastrar oft með áherslu á limgerði (Jóhann Pálsson, 1997). Heilbrigði á loðvíði er almennt gott, þó getur borið nokkuð á víðirýði í flestum klónum.

**Fjölgun:** Loðvíði má auðveldlega koma til með vetrargræðingum, varast ber þó að nota greinaenda, þeir eru fullir af blómbrumum og ræta sig vanalega illa. Hægt er að nota sumargræðlinga en þar sem blöð og greinar eru loðin rotna þeir gjarnan.

**Heimildir:** Hörður Kristinsson, 1989. Plöntuhandbókin bls. 210.  
Ólafur Sturla Njálsson. Tré og runnar, 3. hluti, *Salix* 2005:315-316.



*Loðvíðir í uppgróinni sandöldu við Bolöldu á Rangárvöllum.*



*Loðvíðir í sendum móa í Kelduverfi.*



*Loðvíðir í garði á Siglufirði*



*Loðvíðir í haustlitum í garði í Grafarvogi í Reykjavík*



*Loðvíðir í garði á Sauðárkróki*

#### 7.2.1 *Salix lanata* 'Barmar' (Yg 756)

**Uppruni:** Uppruni óþekktur, var skráður í sölu í Gróanda 2005.

**Lýsing og eiginleikar:** Ekkert er vitað um þennan klón.

**Tilraunaræktun:** Engin kerfisbundin tilraunaræktun.

**Aðgengi:** Er ekki í ræktun.

**Heimildir:** Friðrik Baldursson, 2007. Börkur.

### 7.2.2 *Salix lanata* 'Bolti' (Yg 737)

**Uppruni:** Saltvík sunnan Húsavíkur. Græðlingar upphaflega teknir af einum stórvöxnum uppréttum karlkynsrinna sumarið 1993. Upphaflegi runninn vex þar við þjóðveginn, neðan vegar og skammt norðan heimreiðarinnar að Saltvík. Hann var meðal fyrstu runna til að vaxa þarna upp eftir beitarfriðun meðfram veginum um 1980 og var lengi langhæsti runninn á svæðinu, um 1,5 m, fallega kúlulaga og reglulegur í laginu. Hann er þarna ennþá, en er nú farinn að hrörna. – safnari Þröstur Eysteinnsson. Til er planta í garði Þrastar á Héraði.

**Lýsing og eiginleikar:** Kúlulaga vaxtarlag. Grágulur haustlitur, lauf falla seint af. Blómstrar lítið eða ekkert. Stærð runna plantað um 1994 um 1,8 x 1,8 m.

**Tilraunaræktun:** Engin kerfisbundin tilraunaræktun.

**Aðgengi:** Ekki í framleiðslu.

**Heimildir:** Þröstur Eysteinnsson. Tölvupóstur 21. nóvember 2011 og símtal 8. febrúar 2013.



*Loðviðir 'Bolti' í garði Þrastar Eysteinnssonar, tekin í september 2012. mynd Þröstur Eysteinnsson*



*Loðviðir 'Bolti' í garði Þrastar Eysteinnssonar, runninn er aftarlega fyrir miðri mynd. Mynd Þröstur Eysteinnsson*

### 7.2.3 *Salix lanata* 'Borgar' (Yg 725)

**Uppruni:** Staðarhverfi Reykjavík. Græðlingar upphaflega teknir af einum uppréttum karlkynsrinna sumarið 2011, sjá mynd – safnari Samson B. Harðarson.

**Lýsing og eiginleikar:** Uppréttar greinar, runni 40 - 60 cm hár og breiður. Laufblöð áberandi oddmjó, karlkyns klónn, gulir rekkjar. Harðgerður. Hefur ekki enn sem komið er verið ræktaður í garðaumhverfi.

**Tilraunaræktun:** Engin kerfisbundin tilraunaræktun. Í safni Yndisgróðurs á Hvanneyri.

**Aðgengi:** Er ekki í almennri ræktun.

**Heimildir:** Samson Bjarnar Harðarson, 2012. Gagnasafn Yndisgróðurs.



*Loðvíðir 'Borgar' upprunalegur runni neðan við íbúðarbyggð í Staðarhverfi í Reykjavík.*

### 7.2.4 *Salix lanata* 'Buðlungur' (Yg 694)

**Uppruni:** Buðlungavellir á Héraði- Mógilsá 2012. Loðvíðirinn er frá Buðlungavöllum á Héraði en sú jörð er næsta jörð sunnan Hallormsstaðar.

**Lýsing og eiginleikar:** Mjög uppréttur runni, uppréttar greinar, runni 100 - 180 cm hár og breiður.

**Tilraunaræktun:** Engin kerfisbundin tilraunaræktun. Í safn Yndisgróðurs á Hvanneyri.

**Aðgengi:** Er ekki í almennri ræktun.

**Heimildir:** Aðalsteinn Sigurgeirsson. Tölvupóstur 26. apríl 2012.

### 7.2.5 *Salix lanata* 'Katlagil' (Yg 711)

**Uppruni:** Frá Katlagili, landi Lauganesskóla, í Helgadal í Mosfellssveit. Björn Sigurbjörnsson valdi þennan runna í ræktun um 1978. Þarna fannst víðir af því landið hafði verið friðað lengi, Björn merkti margar plöntur og fylgdist með í nokkur ár og valdi að lokum einn klón: er líklega fyrsti sérvaldi og nafngefni loðvíðiklónninn á markaði. Fór í sölu uppúr 1980 og var fljótlega mjög vinsæll, líklega m.a. vegna þess að hann var ræktaður í pottum, en það hafði lítið eða ekkert verið gert áður.

**Lýsing og eiginleikar:** Lágvaxinn jarðlægur runni með hálfuppréttar greinar, getur hækkað með árunum og orðið allt að 30 - 40 cm hár en mun breiðari.

**Tilraunaræktun:** Er í safni Yndisgróðurs í Sandgerði (I11a, 2012).

**Aðgengi:** Í almennri ræktun. Algengasti jarðlægi loðvíðir í ræktun og almennt algengasti klónn í ræktun ásamt 'Vatnsenda'.

**Heimildir:** Björn Sigurbjörnsson. Munnleg heimild 11. febrúar 2013.



*Loðviðir 'Katlagil' í haustlitum.*

#### 7.2.6 *Salix lanata* 'Kári' (Yg 754)

**Uppruni:** Úr garði í Hegranesi á Arnarnesi.

**Lýsing og eiginleikar:** Fíngerður runni um 50 cm hár.

**Tilraunaræktun:** Engin kerfisbundin tilraunaræktun.

**Aðgengi:** Er í ræktun hjá Gróðrarstöð Ingibjargar í Hveragerði.

**Heimildir:** Ingibjörg Sigmundsdóttir. Tölvupóstur 22. nóvember 2012.

Kári Aðalsteinsson. Samtal 27. febrúar 2013.

#### 7.2.7 *Salix lanata* 'Kjarni'

**Uppruni:** Uppruni óþekktur, var skráður í sölu í Kjarna, Akureyri um 2000.

**Lýsing og eiginleikar:** Ekkert er vitað um þennan klón.

**Tilraunaræktun:** Engin kerfisbundin tilraunaræktun.

**Aðgengi:** Er ekki í ræktun.

**Heimildir:** Friðrik Baldursson, 2007. Börkur.

#### 7.2.8 *Salix lanata* klónar frá Gunnfríðarstöðum (Yg 726, Yg 852, Yg 853, Yg 854 og Yg 855)

**Uppruni:** Gunnfríðarstaðir, Austur Húnavatnssýslu. Græðlingar upphaflega teknir af einum hávöxnum karlkynsrinna (Yg 726) vorið 2012 – safnari Samson B. Harðarson. Margir aðrir runnar af svipaðri gerð var að finna á Gunnfríðarstöðum. Í febrúar safnaði Samson ásamt Páli Ingþóri Kristinssyni, formanni Skógræktarfélags Austur Húnavetninga, græðlingum af fjórum mismunandi klónum og voru þeir allir um og yfir 4 m á hæð, þrír þeirra staðsettir rétt við skógarbústaðinn norðan við tóttirnar á Gunnfríðarstöðum á svæði friðuðu frá því um 1980 og einn fyrir neðan veg í svæði sem hefur verið friðað frá 1962. Runninn (Yg 855) neðan við veg hafði aðalgreinar sem voru með tæplega 10 cm breiðum stofni í þvermál og

mældist 41 árs gamall samkvæmt áhringjum. Ekkert bendir til að loðvíðir hafi verið gróðursettur þarna og má því ætla að hann sé náttúrulegur á svæðinu.

Yg 852 Gunnfríðarstaðir Orange nr 1

Yg 853 Gunnfríðastaðir grænn nr 1

Yg 854 Gunnfríðastaðir Orange nr 2

Yg 855 Gunnfríðastaðir Gamli nr 4

**Lýsing og eiginleikar:** Ekki hefur verið gerð lýsingum á hverjum klóni fyrir sig ein þeir virðast allir mjög svipaði. Hávaxinn uppréttur runni 2 - 3 m hár og breiður. Karlkyns, mjög stórvaxinn. Meðalstór laufblöð, ekki mjög loðin.

**Tilraunaræktun:** Engin kerfisbundin tilraunaræktun. Engin reynsla er komin af honum í ræktun, en plöntur af þessum klóni var gróðursettur í safn Yndisgróðurs á Hvanneyri.

**Aðgengi:** Er ekki í almennri ræktun.

**Heimildir:** Samson Bjarnar Harðarson, 2012. Gagnasafn Yndisgróðurs.

Páll Ingbór Kristinsson. Munnleg heimild 23 febrúar 2012.



*Loðvíðir á Gunnfríðarstöðum í Austur Húnavatnssýslu. Mynd Þröstur Eysteinnsson 2012.*



*Hávaxnasti loðvíðirinn sem fannst á Gunnfríðarstöðum í Austur Húnavatnssýslu. Runninn er vel yfir 4 m á hæð og sverleiki aðalgreina um 6 cm í þvermál og um 30-40 ára gamall. Mynd tekin 23. febrúar 2013.*



*Einn elsti loðvíðirinn sem fannst á Gunnfríðarstöðum í Austur Húnavatnssýslu. Runninn er um 4 m á hæð og sverleiki aðalgreina um 10 cm í þvermál og 41 árs gamall. Mynd tekin 23. febrúar 2013.*



### 7.2.9 *Salix lanata* klónn frá Glitbrá (Yg 733)

**Uppruni:** Úr sumarbústaðalóð á Suðurlandi (foreldra eiganda Garðplöntustöðvarinnar Glitbrá).

**Lýsing og eiginleikar:** Engin lýsing.

**Tilraunaræktun:** Engin kerfisbundin tilraunaræktun.

**Aðgengi:** Er í ræktun hjá Garðplöntustöðinni Glitbrá í Sandgerði.

**Heimildir:** Gunnhildur Ása Sigurðardóttir. Samtal janúar 2013.

### 7.2.10 *Salix lanata* klónn frá Kaldbaki (Yg 729)

**Uppruni:** Frá Kaldbaki á Rangárvöllum í rúmlega 100 m h.y.s. Græðlingar upphaflega teknir af einum uppréttum karlkynsrinna sumarið.

**Lýsing og eiginleikar:** Þéttvaxinn hálfuppréttur karlkynsklónn. Laufblöð áberandi loðin en blaðform og stærð venjuleg. Hefur ekki enn sem komið er verið ræktaður í garðaumhverfi.

**Tilraunaræktun:** Í klónasafni frá 1998 á Gunnarsholti á vegum rannsóknarverkefnis um notkun innlendra víðitegunda til uppgræðslu og landbóta. Alls voru gróðursettir 98 klónar af loðvíði, gulvíði og fjallavíði víðsvegar að af landinu sumrin 1998 og 1999.

**Aðgengi:** Er ekki í ræktun.

**Heimildir:** Ása L. Aradóttir, Kristín Svavarsdóttir, Sigurður H. Magnússon, Jón Guðmundsson, Aðalsteinn Sigurgeirsson og Andrés Arnalds, 1999. Notkun innlendra víðitegunda til uppgræðslu og landbóta. Fjölrit landgræðslunnar nr. 1. Landgræðsla ríkisins.

Clonal variability of native willows (*Salix pylicifolia* and *Salix lanata*) in Iceland and implications for use in restoration Ása L. Aradóttir, Kristín Svavarsdóttir og Anne Bau.



*Loðvíðir frá Kaldbaki á Rangárvöllum í víðisafni Gunnarsholti.*

### 7.2.11 *Salix lanata* klónn frá Hraunkoti í Lóni (Yg 731)

**Uppruni:** Loðvíðir frá Hraunkoti í Lóni, voru áður margir klónar núna bara einn, er frá Friðriki í Hraunkoti úr víðisafni sem hann safnaði í Lónsöræfum.

**Lýsing og eiginleikar:** Hávaxinn 1,5+ m.h. kvenkyns runni með stór blöð.

**Tilraunaræktun:** Engin kerfisbundin tilraunaræktun.

**Aðgengi:** Er í ræktun hjá Gróðrarstöðinni Dilksnesi í Hornafirði.

**Heimildir:** Finndís Harðardóttir. Símtal 27. nóvember 2012 og 11. nóvember 2022.

### 7.2.12 *Salix lanata* klónn frá Kirkjulækjarkoti (Yg 732)

**Uppruni:** Ofan úr mýri hjá Kirkjulækjarkoti í Fljótshlíð.

**Lýsing og eiginleikar:** Hávaxinn, bláleitur á blöðin úr fjarska, ókyngreindur.

**Tilraunaræktun:** Engin kerfisbundin tilraunaræktun.

**Aðgengi:** Var í ræktun hjá Garðaþjónustu Gylfa ehf, garðplöntustöð (Kirkjulækjarkoti í Fljótshlíð) árið 2012 en ekki lengur árið 2022.

**Heimildir:** Garðaþjónusta Gylfa ehf. Garðplöntustöð (Fljótshlíð) samtal 27. nóvember 2012 og 11. nóvember 2022.

### 7.2.13 *Salix lanata* klónn frá Laugabrekku (Yg 689)

**Uppruni:** Laugabrekkur í Laugardal. Kemur frá Ræktunarstöð Reykjavíkurborgar um 1990 af blönduðum klónum með óþekkt upphaf. Var plantað víða og eru klónarnir; 'Koti', Laugabrekka og Skeiðavogur líklega úr sömu blöndu. Hugsanlega er þetta sami klónn og er í ræktun hjá gróðrarstöðinni Kvistum og gróðrarstöðinni Þöll í Hafnarfirði.

**Lýsing og eiginleikar:** Upprét vaxtarlag og uppréttar greinar, kvenkyns klónn. Laufgast fremur seint og sleppur því við nag fiðrildalirfa.

**Tilraunaræktun:** Er í safni Yndisgróðurs Sandgerði (O4, 2011).

**Aðgengi:** Er í ræktun hjá gróðrarstöðinni Þöll í Hafnarfirði.

**Heimildir:** Ræktunarskrá ræktunarstöðvar Reykjavíkurborgar, febrúar 2013. Hólmfríður Geirsdóttir. Samtal 22. nóvember 2012.



*Loðviðir í Laugabrekku í Laugardal.*

### 7.2.14 *Salix lanata* klónn frá Laugabrekku - Þöll (Yg 728)

**Uppruni:** Laugabrekkur í Laugardal. Kemur frá Ræktunarstöð Reykjavíkurborgar um 1990 af blönduðum klónum með óþekkt upphaf. Var plantað víða og eru klónarnir; 'Koti', Laugabrekka og Skeiðavogur líklega úr sömu blöndu. Mögulega er þetta sami klónn og er í ræktun hjá gróðrarstöðinni Kvistum og Ræktunarstöð Reykjavíkurborgar.

**Lýsing og eiginleikar:** Upprétt vaxtarlag og uppréttar greinar, kvenkyns klónn. Laufgast fremur seint og sleppur því við nag fiðrildalirfa.

**Tilraunaræktun:** Er ekki í safni Yndisgróðurs.

**Aðgengi:** Er í ræktun hjá gróðrarstöðinni Þöll í Hafnafirði.

**Heimildir:** Steinar Björgvinsson. Tölvupóstur 22. nóvember 2012.

#### 7.2.15 *Salix lanata* klónn frá Mjóanesi við Hallormstað (Yg 626)

**Uppruni:** karlkynsklónn merktur L1 úr safni sjö klóna frá Mjóanesi við Lagarfljóti um 1998. Græðlingar voru teknir af Þresti Eysteinessyni.

**Lýsing og eiginleikar:** Uppréttur - fástofna, heldur efstu blöðunum. Karlkyn.

**Tilraunaræktun:** Er í safni Yndisgróðurs á Blönduósi (H7. plantað 2011) og Sandgerði (2011). Er í klónasafni á Hallormsstað.

**Aðgengi:** Er í ræktun hjá Sólskógum.

**Heimildir:** Katrín Ásgrímsdóttir. Tölvupóstur 27. nóvember 2012.

Bergrún A. Þorsteinsdóttir. Samtal 21. febrúar 2013.

Þröstur Eysteinnsson. Tölvupóstur 21. nóvember 2011 og símtal 8. febrúar 2013.



*Loðviðir frá Móanesi í safninu á Blönduósi. Mynd t.v. tekin í september 2012 og t.h. júlí 2015.*

#### 7.2.16 *Salix lanata* klónn frá Tumastöðum (Yg 732)

**Uppruni:** Frá Tumastöðum. Móðurplöntur Garðaþjónustu Gylfa ehf. garðplöntustöð komnar úr garði á Útgörðum hjá Hvolsvelli af runna sem árið 2012 var 6-8 ára.

**Lýsing og eiginleikar:** 1.5 hár, venjuleg blöð. Líklega kk.

**Tilraunaræktun:** Engin kerfisbundin tilraunaræktun.

**Aðgengi:** Er í ræktun hjá Garðaþjónustu Gylfa ehf. garðplöntustöð (Fljótshlíð).

**Heimildir:** Garðaþjónusta Gylfa ehf. Garðplöntustöð (Fljótshlíð) samtal 27. nóvember 2012 og 9. nóvember 2022.

### 7.2.17 *Salix lanata* klónn frá Þorgautsstöðum (Yg 730)

**Uppruni:** Uppruni óþekktur, móðurplanta er gamall runni við Gróðrarstöðina Þorgautsstöðum 2 Borgarfirði.

**Lýsing og eiginleikar:** Upprétur kvenkyns runni með stór blöð.

**Tilraunaræktun:** Engin kerfisbundin tilraunaræktun.

**Aðgengi:** Er í ræktun hjá Gróðrarstöðinni Þorgautsstöðum 2 Borgarfirði.

**Heimildir:** Árni B. Bragason. Símtal 27. nóvember 2012.

### 7.2.18 *Salix lanata* 'Koti' (Yg 688)

**Uppruni:** Upphaflega valinn fyrir Ræktunarstöð Reykjavíkurborgar úr mismunandi klónum af loðvíði í borgargarði við Landakot árið 1994 af Samsoni B. Harðarsyni. Kemur að öllum líkindum upphaflega úr Ræktunarstöð Reykjavíkurborgar um 1980. Loðvíðir sem gróðursettur var á vegum Reykjavíkurborgar fyrir 1986 var af blönduðum klónum með óþekkt upphaf. Var plantað víða og eru klónarnir Laugabrekka og Skeiðarvogur líklega úr sömu blöndu. Klónninn 'Koti' gæti verið sami klónn og Skeiðarvogur.

**Lýsing og eiginleikar:** Upprét, hálfkúlulaga vaxtarlag og uppréttar greinar, runni 150 - 180 cm hár og breiður. Breið falleg laufblöð, mjög gráloðin. Gulir haustlitir. Gulir karlkyns rekkjar við laufgun í byrjun júní, blómsæll. Mjög harðgerður og hefur vaxið áfallalaust áratugum saman í Reykjavík.

**Tilraunaræktun:** Er í safni Yndisgróðurs á Blönduósi (C4. plantað 2011) í Sandgerði (N1 & L8 pl. 2012) og á Hvanneyri (2011).

**Aðgengi:** Var plantað nokkuð út á vegum Reykjavíkurborgar á árunum 1998- 2009. Í ræktun hjá gróðrarstöðinni Mörk.

**Heimildir:** Ræktunarskrá ræktunarstöðvar Reykjavíkurborgar, febrúar 2013. Samson B. Harðarson, 2012. Yndisgróður –gagnaskrá 2013.



*Loðvíðir 'Koti' í Laugardal.*

#### 7.2.19 *Salix lanata* frá Grundarfirði (Yg 734)

**Uppruni:** Kvæmi frá Grundarfirði.

**Lýsing og eiginleikar:** Engin lýsing.

**Tilraunaræktun:** Engin kerfisbundin tilraunaræktun.

**Aðgengi:** Er í ræktun hjá Álmi ehf. á Árbakka við Selfoss.

**Heimildir:** Magnús Magnússon. Samtal 22. nóvember 2012.

#### 7.2.20 *Salix lanata* klónn frá Hjallahálsi við Þorskafjörð (Yg 735)

**Uppruni:** Af Barðaströndinni við Hjallaháls, Þorskafirði.

**Lýsing og eiginleikar:** Uppréttur 1-1,5 m frekar stór blöð, kyn óþekkt.

**Tilraunaræktun:** Engin kerfisbundin tilraunaræktun.

**Aðgengi:** Er í ræktun hjá Gróðrarstöðinni Svanshóli, Bjarnarfirði í Strandasýslu.

**Heimildir:** Hallfríður F. Sigurðardóttir. Samtal 17. janúar 2013.

#### 7.2.21 *Salix lanata* frá Kjarri (Yg 755)

**Uppruni:** Ofan úr mýri við gróðrarstöðina Kjarr í Ölfusi.

**Lýsing og eiginleikar:** Tveir klónar sem eru hávaxnir, bláleitir á blöðin úr fjarska, ókyngreindir.

**Tilraunaræktun:** Engin kerfisbundin tilraunaræktun.

**Aðgengi:** Var í ræktun hjá gróðrarstöðinni Kjarri í Ölfusi 2012 en ekki 2022.

**Heimildir:** Helga R. Pálsdóttir. Samtal 24. nóvember 2012 og 9. nóvember 2022.

#### 7.2.22 *Salix lanata* klónar frá Mjóanesi við Hallormsstað (Yg 738)

**Uppruni:** Safn sjö klóna frá Mjóanesi við Lagarfljóti um 1998. Græðlingum var safnað af Þresti Eysteinsyni.

**Lýsing og eiginleikar:** Eftirfarandi lýsing var gerð á þeim sjö klónum sem safnið á Mjóanesi samanstendur af og var gerð af Þresti Eysteinsyni við söfnun græðlinga:

L-1 Uppréttur - fástofna, heldur efstu blöðunum. Karlkyn. Sjá Yg 626.

L-2 Mikill, margstofna >2 m hár.

L-3 Stór margstofna kræklóttur >3 m.

L-4 Beinvaxinn, fágreinóttur.

L-5 Stór upprétt kúla. Heldur axlablöðum.

L-6 Stór kúla > 3 m hár.

L-7 Stór þétt kúla.

**Tilraunaræktun:** Er í klónasafni á Hallormsstað.

**Aðgengi:** Einn þessara klóna er í ræktun hjá Sólskógum Yg 626 en ekki vitað hver þessara sjö klóna.

**Heimildir:** Bergrún A. Þorsteinsdóttir. Samtal 21. febrúar 2013.

Þröstur Eysteinnsson. Tölvupóstur 21. nóvember 2011 og símtal 8. febrúar 2013.

### 7.2.23 *Salix lanata* 'Ljúfur' KK (Yg 706)

**Uppruni:** Uppruni er óviss, er af plöntu sem varð eftir, eftir ágræðsluæfingar nemendahóps á Reykjum 1988-1990. Ólafur S. Njálsson tók með sér eina plöntu sem hafði verið ágrædd á hálfsmeters háan seljustofn og er sú planta ennþá til í garðinum í Nátthaga. Hún myndar fallega dyngju ofan á stofninum.

**Lýsing og eiginleikar:** Mjög breiður og lágvaxinn runni. Hæð (þykkt) um 40-50 cm, getur orðið 2 metrar á breidd. Laufblöð breiðsporbaugótt, áberandi breið miðað við lengd og snöggydd í báða enda. Blöðin alveg flöt, ekki bylgjuð, stærri en hjá loðvíði 'Læk'. Axlablöð stór. Blöð kafloðin og silfurlit, haustlitur gulur. Karlkyns klónn og blómgun er ríkuleg á hverju ári. Getur fengið ryðsvepp eins og flestur loðvíðir.

**Tilraunaræktun:** Í safni Yndisgróðurs í Sandgerði (N3, pl. 2012).

**Aðgengi:** Er í framleiðslu hjá garðplöntustöðinni Nátthaga.

**Heimildir:** Ólafur Sturla Njálsson. Tölvupóstur janúar 2013.

### 7.2.24 *Salix lanata* 'Lyngberg' (Yg 625)

**Uppruni:** Frá Lyngbergi í Hafnarfirði.

**Lýsing og eiginleikar:** Uppréttur um 1 m hár karlkyns runni.

**Tilraunaræktun:** Í safni Yndisgróðurs á Reykjum, Blönduósi (G2b, pl. 2011), Sandgerði (N5 & L4, pl. 2011) og Hvanneyri (pl. 2011).

**Aðgengi:** Er ekki í almennri ræktun.

**Heimildir:** Kári Aðalsteinsson. Samtal 27. febrúar 2013.

### 7.2.25 *Salix lanata* 'Lækur' KK (Yg 707)

**Uppruni:** Frá Nátthaga í Ölfusi. Loðvíðir 'Lækur' er kenndur við Djúpagrafningslæk sem rennur í gegnum Nátthaga. Villta móðurplantan óx við lækinn en er núna horfin vegna skógræktar og breytinga á farvegi lækjarins.

**Lýsing og eiginleikar:** Er lágvaxinn og útbreiddur með uppsveigða greinaenda. Upprunalega plantan var um hálfur metri á hæð og varð ekki hærri, en breikkaði meira. Blómstrar vel gulum rekkjum. Laufblöð breiðsporbaugótt, ydd í báða enda, frekar uppstæð og standa þétt á árssprotanum og svolítið bylgjuð. Er almennt minni en blöðin á loðvíði 'Ljúfi' og með greinileg axlablöð. Blöð grá og loðin, haustlitur gulur. Getur fengið ryðsvepp eins og flestur loðvíðir.

**Tilraunaræktun:** Í safni Yndisgróðurs í Sandgerði (M6a, pl.2012).

**Aðgengi:** Er í framleiðslu hjá garðplöntustöðinni Nátthaga.

**Heimildir:** Ólafur Sturla Njálsson. Tölvupóstur janúar 2013.

### 7.2.26 *Salix lanata* 'Orka' Kvk (Yg 690)

**Uppruni:** Ofan við veg við Vegbrekku vestan við stöðvarhús Orkuveitu Reykjavíkur rétt austur af Rauðavatni í Reykjavík. Safnarar Samson B. Harðarson og Jón Kr. Arnarson 2008.

**Lýsing og eiginleikar:** Breiðvaxinn kvenkyns runni með uppréttar greinar, mæling á upprunalegum runna í febrúar sýnir að hann er um 2,50 m hár og 8 m breiður.

**Tilraunaræktun:** Í safni Yndisgróðurs í Sandgerði (O5, pl. 2011).

**Aðgengi:** Er ekki í almennri ræktun.

**Heimildir:** Samson B. Harðarson. Plöntuskrá Yndisgróðurs, febrúar 2013.



*Loðvíðir Orka (Kvk) rétt við stöðvarhús Orkuveitunnar austan við Rauðavatn í Reykjavík.  
Mynd tekin í maí 2008.*

#### 7.2.27 *Salix lanata* 'Skeiðarvogur' (Yg 727)

**Uppruni:** Frá gróðurbeði við Skeiðarvog í Reykjavík. Kemur líklega frá Ræktunarstöð Reykjavíkurborgar um 1980 af blönduðum klónum með óþekkt upphaf. Var plantað víða og eru klónarnir; 'Koti', Laugabrekka og Skeiðarvogur líklega úr sömu blöndu. Safnari Samson B. Harðarson 2006.

**Lýsing og eiginleikar:** Uppréttar greinar, hálfkúlulaga runni 1,60 - 2 m hár og breiður.

**Tilraunaræktun:** Í safni Yndisgróðurs á Hvanneyri tilraunaskjólbelti (pl. 2009).

**Aðgengi:** Er ekki í almennri ræktun.

**Heimildir:** Samson B. Harðarson. Plöntuskrá Yndisgróðurs, febrúar 2013.



*Loðvíðir Skeiðarvogur í Reykjavík. Mynd tekin í september 2006.*

#### 7.2.28 *Salix lanata* 'Stórblaða Akureyri' (Yg 743)

**Uppruni:** Úr Lystigarðinum á Akureyri. Plöntur þaðan komust í ræktun hjá Ræktunarstöð Reykjavíkurborgar um 1990. Uppruni er óljós. Annarsvegar gæti verið um að ræða loðvíði sem Jón Rögnvaldsson var með í ræktun í garðinum og ekkert vitað um hvaðan hann gæti verið upprunninn, e.t.v. úr Eyjafirði. Hinsvegar gæti um verið að ræða loðvíði sem Tryggvi Marínósson safnaði í mýrlendi í Kjarnaskógi ásamt fleirum klónum og var gróðursett í limgerði neðan við safn íslenskra plantna í Lystigarðinum.

**Lýsing og eiginleikar:** Upprétur karlkyns klónn með stóra blómrekkla og áberandi stór og breið laufblöð en ekki mjög loðin.

**Tilraunaræktun:** Engin kerfisbundin tilraunaræktun.

**Aðgengi:** Er ekki í almennri ræktun í dag, en var í framleiðslu hjá Ræktunarstöð Reykjavíkurborgar á tímabili eftir 1990. Hefur mjög sennilega verið í ræktun hjá garðplöntuframleiðendum á Akureyri og jafnvel víðar.

**Heimildir:** Tryggvi Marínósson. Samtal 1. febrúar 2013.

Hólmfríður Sigurðardóttir. Samtal 27. febrúar 2012.

Jóhann Pálsson. Samtal 22. febrúar 2013.

Ræktunarskrá Ræktunarstöðvar Reykjavíkurborgar, febrúar 2013.

#### 7.2.29 *Salix lanata* 'Tann'

**Uppruni:** Uppruni óþekktur, var skráður í sölu í Garðheimum 2004-2005.

**Lýsing og eiginleikar:** Ekkert er vitað um þennan klón.

**Tilraunaræktun:** Engin kerfisbundin tilraunaræktun.

**Aðgengi:** Er ekki í ræktun.

**Heimildir:** Friðrik Baldursson, 2007. Börkur.

#### 7.2.30 *Salix lanata* 'Vaðnes' KK (Yg 708)

**Uppruni:** Náthagi en kom þangað frá Vaðnesi. „Ein frúin kom með greinar af honum og sagði að þær væru af stórum, uppréttvaxandi loðvíðirunna sem blómstraði alltaf svo mikið í Vaðnesi“.

**Lýsing og eiginleikar:** Grófur og stæðilegur runni með upprétt vaxtarlag, karlkyns. Laufblöð svipuð og á 'Ljúfi', en virka þykkari og stífari. Axlablöð greinileg. Blómstrar ríkulega. Getur fengið ryðsvepp eins og flestur loðvíðir.

**Tilraunaræktun:** Í safni Yndisgróðurs í Sandgerði (N2, pl.2012).

**Aðgengi:** Er í ræktun í Náthaga.

**Heimildir:** Ólafur Sturla Njálsson. Tölvupóstur janúar 2013.

#### 7.2.31 *Salix lanata* 'Vatnsendi' (Yg 757)

**Uppruni:** Kom frá svæðinu í kringum Vatnsenda við Elliðavatn um 1980. Græðlingar af nokkrum runnum voru teknir af starfsfólki Skógræktarfélags Reykjavíkur. Um 1990 var meira farið að velja úr af plöntum sem höfðu verið gróðursett í Fossvogsstöð.

**Lýsing og eiginleikar:** Uppréttar greinar, runni 80 - 100 cm hár og breiður. Karlkyns og upprétt vaxtarlag. Blöð nokkuð breið og loðin. Gulir rekkjar við laufgun.

**Tilraunaræktun:** Engin kerfisbundin tilraunaræktun.

**Aðgengi:** Er einn algengasti loðvíði klónn, ásamt 'Katlagil', í ræktun í dag.

**Heimildir:** Ásgeir Svanbergsson. Munnleg heimild, 17. janúar 2013.

Friðrik Baldursson, 2007. Börkur.



### 7.3 *Salix phylicifolia* - Gulvíðir sem tegund og ræktunargildi hans

**Uppruni:** Vex villtur um allt land og mjög breytilegur í vaxtarformi, blaðgerð eftir svæðum og innan svæða. Vex í engjum og bökkum meðfram ám, hlíðum og mólendi, einkum þar sem nokkur jarðraki er og vex gjarnan í birkikjarri og jöðrum skóga þar sem nærgrar birtu nýtur. Er oft áberandi í beitarrhólfum hrossa þar sem þau bíta hann lítið, en er vanalega mikið bitinn af sauðfé jafnvel svo að lítið sést til hans.

Töluverður munur er á hvenær mismunandi einstaklingar laufgast og virðist það skiptast nokkuð í tvö horn, annarsvegar gulvíðir sem laufgast á svipuðum tíma og annar trjágróður í lok maí byrjun júní og hinsvegar sá sem laufgast ekki fyrr en í lok júní þegar fyrri er kominn að því að fella fræ (Jóhann Pálsson, 1997). Sá gulvíðir sem laufgast seinna sleppur vanalega alveg undan víðifeta sem getur étið þann snemmsprotnari alveg, spurning hvort að þetta sé einhverskonar náttúruleg aðlögun (Jóhann Pálsson, 2013).

Afbrigði gulvíðis sem kallast Brekkuvíðir og Tunguvíðir sker sig nokkuð úr öðrum gerðum tegundarinnar. Áður var talið að Brekkuvíðir væri blendingur gulvíðis og loðvíðis en samkvæmt greiningu kom í ljós að Brekkuvíðir og Tunguvíðir eru sexlitna plöntur með sama litningafjölda og gulvíðir. Þar sem loðvíðir er tvílitna tegund er þeirri hugmynd um að þeir (Brekkuvíðir og Tunguvíðir) séu (ferlitna) tegundablendingar gulvíðis og loðvíðis hafnað. Kortlagning ribósómgena á víðislitningum hefur einnig leitt í ljós að Brekkuvíðir getur ekki verið blendingur. Niðurstöðurnar staðfesta náinn skyldleika þeirra og benda til þess að Brekkuvíðir og Tunguvíðir hafa verið myndaðir af gulvíði, í náttúrunni. Brekkuvíðir og Tunguvíðir eru því íslensk afbrigði gulvíðis *Salix phylicifolia* L. (Kesara Anamthawat-Jónsson, munnleg heimild 17. janúar 2013). Gulvíðir blandast oft við aðrar víðitegundir, sérstaklega viðju, *Salix myrsinifolia*. Fjallað er sérstaklega um yrki af þessum tegundablendingum síðar í þessari skýrslu.

**Vaxtarlag:** Gulvíðir hefur marga góða eiginleika sem garð- og landslagsplanta, m.a. eru margar af harðgerðustu og bestu limgerðisplöntum yrki/klónar af gulvíði svo sem Strandavíðir og Brekkuvíðir. Fjölbreytni í vaxtarlagi gefur kost á að velja yrki sem eru lágvaxin og upp í um 5 og jafnvel 8 m háa runna. Greinabygging er frá því að vera jarðlæg, útbreidd eða upprétt. Greinar eru gular eða rauðbrúnar og geta skapað fallett litaspil á vetrum.

**Blómgun:** Gulvíðir er sérbyll eins og aðrar víðitegundir sem þýðir að planta er annaðhvort karlkyns eða kvenkyns. Að öllu jöfnu er kostur að velja karlkyns klóna því að þeir blómstra fallega gulum rekklum sem falla svo af að blómstrun lokinni. Kvenkynsklónar blómstra hinsvegar grænleitum rekklum sem haldast á eftir blómgun til fræproska, þegar þeir svo að lokum opnast og dreifa fræi með hjálp fræullar. Fræullin er að flestra mati til lýta á runnanum og óþrifa þegar hún berst um. Sjálfsprotnar plöntur af fræi geta orðið til ama. Á náttúrusvæðum og í landgræðslu getur þetta hinsvegar talist ótvíræður kostur.

**Laufblöð:** Blöðin eru lensulaga eða oddbaugótt, hárlaus og gljáandi á efra borði en grádöggvuð á því neðra, 3-5 cm á lengd og 1-2 cm á breidd.

**Haustlitir:** Gulir haustlitir, koma oft seint og eru mismiklir eftir tíðarfari. Í sumum tilfellum hangir lauf á runnum fram eftir hausti.

**Harðgerði og heilbrigði og ræktun:** Gulvíðir af íslenskum uppruna er að öllu jöfnu mjög harðgerður, þrífst um allt land og einnig á hálendinu. Hann finnst gjarnan í röku landi og verður einkar stórvaxinn og gróskumikill í frjósömum jarðvegi, finnst einnig sumstaðar í sendnum jarðvegi í náttúrunni. Þolir mjög illa skugga og lætur fljótt undan síga lendi hann í skugga trjáa. Þar sem gulvíðir byrjar seint að vaxa á vorin miðað við annan gróður, þar á meðal illgresi, hentar hann illa sem þekjandi runni. Hávaxnari yrki ætti gjarnan að nota með lágvaxnari þekjandi runnum eða fjölæringum svo sem hélurifsi (*Ribes laxiflorum*), kirtilrifsi (*Ribes glandulosum*), ilmblágresi (*Geranium macrorrhizum*) og dílatvítönn (*Lamium maculatum*). Loðvíðir af góðum klónum getur hentað í skjólbelti. Hann hentar vel í náttúrugarða og nýtur sín vel með birki og loðvíði. Gulvíðir er sérstaklega hentugur sem landgræðsluplanta.

Heilbrigði gulvíðis er almennt gott, þó getur borið á víðiryði í flestum klónum og hann getur farið illa í maðkplágu.

**Fjölgun:** Gulvíði má auðveldlega koma til með vetrargræðlingum og einnig er hægt að nota sumargræðlinga.

**Heimildir:** Hörður Kristinsson, 1989. Plöntuhandbókin.

### 7.3.1 *Salix phylicifolia* 'Brekka' (Brekkuvíðir) (Yg 142)

**Uppruni:** Nokkrum sögum fer af uppruna Brekkuvíðis eins og hann er gjarnan kallaður og hver tók hann fyrst í ræktun. Almennt er hann talinn úr landi Núpsstaðar í Rangárvallasýslu. Hann var gróðursettur í limgerði á Seltjarnarnesi við Nýjabæ árið 1960 og vakti þar fljótt athygli fyrir fegurð og seltuþolni.

Önnur saga um uppruna Brekkuvíðis er frá Aðalsteini Sigurgeirssyni. Þegar hann var að vinna í Fossvogsstöðinni snemma á 9. áratugnum vann þar maður að nafni Reynir Sveinsson sem fullyrti við hann að Brekkuvíðirinn væri kenndur við Brekku í Hveragerði. Þar hefði búið mikil ræktunarkona sem fyrst hefði fengist við ræktun Brekkuvíðisins hér á landi og þaðan hefði klóninn komist í ræktun gegnum gróðrarstöðvarnar í Hveragerði.

Aðalsteini þóttu þetta athyglisverðar upplýsingar á sínum tíma aðallega fyrir þær sakir að á Brekku í Hveragerði (bær sem stendur enn skammt austan kirkjunnar og leikskóla) bjó þá ömmusystir hans, Guðrún Þorláksdóttir. Hún hafði búið þar áratugum saman ásamt eiginmanni sínum, Sæmundi Guðmundssyni. Hún var þá komin á áttæðisaldur og ákvað hann að kanna hvort hægt væri að fá þessa frásögn staðfesta. Fékk Aðalsteinn frá henni eftirfarandi sögu:

Snemma á 6. áratugnum átti bróðir Guðrúnar (Ólafur Þorláksson, bóndi á Hrauni í Ölfusi) leið um Fljótshlíð. Ólafur sá skammt frá veginum víðibrúsk með falletum glansandi blöðum og náði hann sér í grein sem hann færði systur sinni að gjöf. Hún kom græðlingnum til og gróðursetti í garð sinn. Liðu nokkur ár og runninn eflidist að þrótti og fegurð. Hallgrímur á Grímsstöðum tók eftir runnanum og fékk leyfi Guðrúnar til að safna græðlingum sem hann fór síðan að selja undir heitinu 'Brekkuvíðir'. Þaðan barst hann til annarra gróðrarstöðva og sló fyrst í gegn í kjölfar aprílhretsins 1963.

**Lýsing og eiginleikar:** Þéttgreinóttur, hraustlegur og einstaklega salt- og vindþolinn kvenkyns runni með fallett dökkgrænt og gljáandi lauf. Verður sjaldan hærri en um 1,8 m. Gefur oft mjög falleg, jöfn limgerði. Brekkuvíðir er þéttgreinóttur, hraustlegur runni með falletta dökkgrænt og gljáandi lauf. Hann hentar vel í klippt limgerði sem geta orðið mjög falleg, jöfn og há ef um þau er vel hirt. Brekkuvíðir er sérlega hentugur við erfiðar aðstæður nálægt sjó þar sem hann er mjög seltuþolinn. Þó er mikilvægt að hann fái góða næringu og umhirðu til að koma í veg fyrir óþrif eins og lús, maðk, ryðsvepp og tjörusvepp. Mjög harðgerður, þrífst alstaðar á láglandi. Einstaklega vind- og saltþolinn, eiginleikar sem leiddu til geysilegra vinsælda hans sem limgerðisplanta upp úr 1960. Er nokkuð maðksækinn eins og títt er um víðitegundir, jafnframt er hann lússækinn og leiddi þetta til þess að hann dalaði mikið í vinsældum í byrjun 9. áratugar síðustu aldar. Fyrir þann tíma bar minna á þessu vandamáli þar sem hann var víðast hvar sprautaður með skordýraeitri. Í seinni tíð virðast nýir stofnar af víðiryði farnir að herja meira á hann en áður.

Brekkuvíðir er kvenklón en fundist hefur karlplanta í landi Tungu í Fljótshlíð sem líkist mjög brekkuvíði. Ýmsir hafa safnað græðlingum af gulvíðirunnum sem líkjast Brekkuvíði, meðal annars hefur skýrsluhöfundur safnað klónum í Holtsdal og í Nauthúsagili í Stóru Mörk, sjá síðar.

**Tilraunaræktun:** Í safni Yndisgróðurs í Sandgerði (15 grs. 2010). Er til í Grasagarði Reykjavíkur og Lystigarðinum á Akureyri.

**Aðgengi:** Er í almennri ræktun.

**Heimildir:** Aðalsteinn Sigurgeirsson. Tölvupóstur, 26. apríl 2012.

Jóhann Pálsson. Víðir og víðiræktun á Íslandi, Skógræktarritið 1997:5-36.

Ólafur S. Njálsson, 2005. Tré og runnar, 3. hluti víðir, útgefið af höfundi 333-334.



*Brekkuvíðir í limgerði í Vestmannaeyjum t.v. og í Reykjavík t.h..*

### 7.3.2 *Salix phylicifolia* 'Glit', Glitvíðir (Yg 739)

**Uppruni:** Kemur frá Syðri-Geithellisey í Laxá í Þingeyjarsýslu. Þorgrímur Einarsson sem rak gróðrarstöðina Garðshorn í Fossvogi hóf ræktun á þessum víði eftir að hann fékk mikið af græðlingum og seldi undir nafninu Glitvíðir. Hvort upprunalega sé um að ræða einn klón eða fleiri er ekki vitað en Jóhann Pálsson kannaði gömul limgerði í Reykjavík og virtist vera um einn klón að ræða og er hann karlkyns.

**Lýsing og eiginleikar:** Stórvaxinn karlkyns runni. Árssprotar eru ljósgulir og óvenju stór gljáandi ljósleit laufblöð, haustlitir gulir. Finnst í gördum víða um land oftast sem limgerði. Glitvíði er hætt að rækta í dag var t.a.m. kominn úr ræktun í gróðrarstöðinni Mörk fyrir 1977 og var það að sögn vegna þess að Brekkuvíðir náði yfirhöndinni í vinsældum. Var í ræktun lengur á öðrum gróðrarstöðvum en hefur verið ófáanlegur síðan fyrir aldamót. Er til í limgerði í garði handan við götuna hjá gróðrarstöðinni Mörk (2013).

**Tilraunaræktun:** Engin kerfisbundin tilraunaræktun. Er til í Lystigarðinum á Akureyri.

**Aðgengi:** Er ekki í almennri ræktun.

**Heimildir:** Jóhann Pálsson, 1997. Víðir og víðiræktun á Íslandi. Skógræktarritið 1997:5-36.

Guðmundur Vernharðsson, gróðrarstöðinni Mörk. Tölvupóstur 19. nóvember 2012.

Friðrik Baldursson, 2007. Börkur.



*Glitvíðir í limgerði á Blönduósi. Mynd: Samson Bjarnar Harðarson 2008.*

### 7.3.3 *Salix phylicifolia* 'Gunnsteinsstaðir' (Yg 745)

**Uppruni:** Uppruni óþekktur en nafnið bendir til Gunnsteinsstaða í Langadal í Austur-Húnavatssýslu, en þar vex mikið af stórvöxnum og fallegum gulvíði sem er víða nokkurra metra hár.

**Lýsing og eiginleikar:** Engin lýsing.

**Tilraunaræktun:** Engin kerfisbundin tilraunaræktun.

**Aðgengi:** Var í framleiðslu hjá Fossvogsstöðinni um síðustu aldamót.

**Heimildir:** Friðrik Baldursson, 2007. Börkur.

### 7.3.4 *Salix phylicifolia* klónn frá Hallormsstað (Yg 736)

**Uppruni:** Af villtri plöntu norðan við bæinn á Hallormstað á Héraði.

**Lýsing og eiginleikar:** Með áberandi gular greinar. Fínlegar greinar og ílöng blöð, hæð a.m.k. um 1,5 m. Getur lagst undan snjó. Hefur fengið tjörusvepp.

**Tilraunaræktun:** Engin kerfisbundin tilraunaræktun.

**Aðgengi:** Er til hjá Sólskógum en er ekki í ræktun.

**Heimildir:** Gísli Guðmundsson. Samtal 21. febrúar 2013.

### 7.3.5 *Salix phylicifolia* klónn frá Holtsdal (Yg 544)

**Uppruni:** Úr Holtsdal á Síðu. Skýrsluhöfundur safnaði í Holtsdal á Síðu sumarið 2007 af plöntu sem stóð við vegbrún.

**Lýsing og eiginleikar:** Kvenkyns klónn, líkist mjög Brekkuvíði. Upphafleg planta um 1 m á hæð.

**Tilraunaræktun:** Í safni Yndisgróðurs; á Reykjum (X1), í Sandgerði (M8).

**Aðgengi:** Er ekki í almennri ræktun.

**Heimildir:** Samson Bjarnar Harðarson, 2012.



*Gulvíðir frá Hóltsdal í safni Yndisgróðurs á Reykjum í Ölfusi.*

#### 7.3.6 *Salix phylicifolia* klónn frá Laxamýri (Yg 749)

**Uppruni:** Frá Laxamýri um 1985-86.

**Lýsing og eiginleikar:** Líkist Strandavíði.

**Tilraunaræktun:** Engin kerfisbundin tilraunaræktun.

**Aðgengi:** Er í ræktun hjá Gróðrarstöðinni Svanshóli, Bjarnarfirði í Strandasýslu.

**Heimildir:** Hallfríður F. Sigurðardóttir. Samtal 17. janúar 2013.

#### 7.3.7 *Salix phylicifolia* klónn úr Nauthúsagili. (Yg 570)

**Uppruni:** Frá Nauthúsagili við Stóru Mörk í Rangárvallasýslu. Skýrsluhöfundur safnaði í júlí 2008 af einni plöntu sem stóð á gilbrún neðarlega í Nauthúsagili.

**Lýsing og eiginleikar:** Karlkyns klónn líkist mjög Brekkuvíði. Upprunaleg planta um 1,5 m á hæð.

**Tilraunaræktun:** Í safni Yndisgróðurs á Reykjum (V1 grs. 2010).

**Aðgengi:** Er ekki í almennri ræktun.

**Heimildir:** Samson Bjarnar Harðarson, 2012.



*Gulvíðir frá Nauthúsagili í Stóru-Mörk í safni Yndisgróðurs á Reykjum í Ölfusi.*



*Gulvíðir sem líkist Brekkuvíði neðarlega í Nauthúsagili í Stóru-Mörk. Myndin er tekin 9. júlí 2008.*

### 7.3.8 *Salix phylicifolia* klónar frá Svanshóli í Bjarnarfirði (Yg 750)

**Uppruni:** Frá áreyrum við Svanshól í Bjarnarfirði á Ströndum frá um 1990.

**Lýsing og eiginleikar:** Ýmist með ljósum eða dökkum greinum, löng mjó blöð 2 m á hæð. fingerðari og vex hægara en Strandavíðir og þolir snjóþyngsli betur en hann.

**Tilraunaræktun:** Engin kerfisbundin tilraunaræktun.

**Aðgengi:** Er í ræktun hjá Gróðrarstöðinni Svanshóli, Bjarnarfirði í Strandasýslu.

**Heimildir:** Hallfríður F. Sigurðardóttir. Samtal 17. janúar 2013.

### 7.3.9 *Salix phylicifolia* - frá Sörlastöðum (Yg 741)

**Uppruni:** Sörlastaðir í Fnjóskadal. C.E. Flensborg (1901-1904), sem skipulagði fyrstu skógræktar-tilraunir hér á landi hreifst mjög af u.þ.b. 2 m háu gulvíðikjarri sem óx á eyrum Fnjóskár í landi Sörlastaða. Á árunum 1903-1905 lét hann gróðursetja þúsundir græðlinga af þessum uppruna á Hallormsstað, Hálsi, Grund í Eyjafirði, Þingvöllum og við Rauðavatn bæði sem skjólbelti í gróðrarstöðvunum og inn á milli skógarplantnanna úti á berssvæði.

Einar Helgason rak gróðrarstöð í Reykjavík á fyrri hluta síðustu aldar og var m.a. með gulvíði í ræktun. Hann stjórnaði gróðursetningunni á Þingvöllum og Rauðavatnsgirðingunni og er ekki ólíklegt að hann hafi tekið Sörlastaðavíðirinn í ræktun hjá sér. Gulvíðir sem líklega er ættaður frá Einari Helgasyni óx lengi á lóð Menntaskólans í Reykjavík og af þeim voru árið 1949 fluttar plöntur og gróðursettar við Tilraunastöð Háskólans á Keldum (Jóhann Pálsson, 1997). Gamlir runnar ofan við Kristneshæli í Eyjafirði er mjög líklega af þessu kvæmi.

„I den sydlige Del af Fnjóskadalur ved Gaarden Sörlastaðir findes et stort Pilkrat, hvorfra Skovsagen i de senere Aar har faaet alle de Pilestiklinger, der ere brugte rundt om i Plantagerne. Krattet er c. 10 Tdr. L. og her en gennemsnitlig Højde af 5–6 F.; det er overvejende *Salix phylicifolia* og *lanata*, som her danne et krat saa frodigt og tæt, at man har stort Besvær med at komme igennem, særligt da Bunden er meget vaad og blød; flere Steder vokser Krattet i det klare Vand. Om Vinteren og Foraaret oversvømmes hele Krattet af Fnjóská, og naar der indtræder Frost, dækkes de med et flere Alen højt Lag Sne; oven paa dette færdes da Faarene og bide de unge Skud af. Da Krattet er saa tæt, lider det selvfølgelig ogsaa

i høj Grad af Snetryk. Ved passende Udhugning kunde en Del af sids C. E. Flensborg: Islands Skovsag i 1905.7-24 nævnte Skade undgaas, og Krattet vilde da udvikle sig langt bedre end nu, hvor de fleste Stammer er saa tynde, at de næppe kunne bære sig selv, hvis de ikke gensidigt stivede hinanden af. Med Ejeren traf jeg Aftale om til Foraaret at levere Skovsagen 14000 Stiklinger til vore forskellige Plantninger.“ (Flensborg, 1905:7-8).

Án efa hafa einn eða fleiri klónar af þessum uppruna komist í ræktun víða um land og er vitað að víðir frá Sörlastöðum var ræktaður í gróðrarstöðinni að Vöglum á 1. - 3. áratug síðustu aldar.

**Lýsing og eiginleikar:** Er harðgerður en engar upplýsingar um vaxtarlag, kyn og heilbrigði þeirra klóna af þessu kvæmi sem voru í ræktun.

**Tilraunaræktun:** Engin kerfisbundin tilraunaræktun.

**Aðgengi:** Er ekki í almennri ræktun.

**Heimildir:** Jóhann Pálsson, 1997. Víðir og víðiræktun á Íslandi, Skógræktarritið 1997:5-36.

Flensborg C.E., 2007 (1905). Islands Skovsag. í Islands Skovsag- Skógræktarmálefni Íslands -skýrslur og ritgerðir 1901-1916. Landbúnaðarráðuneytið:7-23.



*Eldgamall gulvíðirunni ofan við Kristneshælið, gæti verið ættaður frá Sörlastöðum sem Flensborg kom í ræktun um aldarmótin 1900.*

### 7.3.10 *Salix phylicifolia* ‘Laugarás’ – (Yg 742)

**Uppruni:** Uppruni óþekktur en kemur af plöntu við Laugarásveg 66 í Reykjavík. Var tekinn í ræktun hjá Ræktunarstöð Reykjavíkurborgar árið 1996 og skráður þar undir nr. 1664.

**Lýsing og eiginleikar:** Engin lýsing.

**Tilraunaræktun:** Engin kerfisbundin tilraunaræktun.

**Aðgengi:** Er í ræktun hjá Ræktunarstöð Reykjavíkurborgar.

**Heimildir:** Ræktunarskrá Ræktunarstöðvar Reykjavíkurborgar.

### 7.3.11 *Salix phylicifolia* 'Mýrdalur' (Yg 746)

**Uppruni:** Uppruni óþekktur en nafnið óneitanlega bendir til Mýrdals.

**Lýsing og eiginleikar:** Engin lýsing.

**Tilraunaræktun:** Engin kerfisbundin tilraunaræktun.

**Aðgengi:** Var í framleiðslu hjá gróðrarstöðinni Öl á Sólheimum árin 2002-2003, ekki lengur í ræktun.

**Heimildir:** Friðrik Baldursson, 2007. Börkur.

Særún Stefánsdóttir. Samtal 17 janúar 2013.

### 7.3.12 *Salix phylicifolia* 'Sandi' Sandvíðir (Yg 744)

**Uppruni:** Engar upplýsingar. Getið um í Skrúðgarðabókinni frá 1967 en ekkert sagt frá honum frekar og svo í heftinu Tré og runnar eftir Ólaf S. Njálsson, 2005.

**Lýsing og eiginleikar:** Hálfjarðlægur eða mjög lágvaxinn runni og hugsanlega blendingur. Hefur rauðbrúnar greinar, lítil blöð og er hægvaxta.

**Tilraunaræktun:** Engin kerfisbundin tilraunaræktun.

**Aðgengi:** Er ekki í almenntri ræktun.

**Heimildir:** Ólafur S. Njálsson, 2005. Tré og runnar, 3. hluti víðir. Útgefið af höfundi: 333.

Óli Valur Hansson, 1967. Skrúðgarðabókin: 114.

### 7.3.13 *Salix phylicifolia* 'Strandir' KK. Strandavíðir / Tröllatunguvíðir (Yg 115)

**Uppruni:** Íslenskur gulvíðir frá Selárdal í Strandasýslu. Dreifðist í ræktun af tveim ræktuðum plöntum frá bænum Tröllatungu sem stendur í Arnkötludal við Steingrímsfjörð á Stöndum. Það er fyrst vitað um hann í heimagrafreitnum að Tröllatungu í Steingrímsfirði. Ragnheiður Árnadóttir gróðursetti tvær plöntur á bænum Tröllatungu af græðlingum sem hún hafði tekið í reiðtúr í Selárdal á fjórða áratug síðustu aldar af villtum runna, einum eða tveimur er ekki vitað.

Menn á Miðhúsum í Reykhólasveit fengu græðlinga af þessum tveimur plöntum í garðinn hjá sér. Jóhann Kr. Jónsson, garðyrkjubóndi í Dalsgarði í Mosfellsdal, fékk síðan efni til fjölgunar af fallegasta runnanum í Miðhúsum árið 1972 og hefur hann verið þar í sölu síðan um 1974 og síðar hjá Jóni, syni Jóhanns á garðplöntustöðinni Mosskógum við Dalsgarð í Mosfellsdal þaðan sem hann hefur dreifst um allt land. Þarna er því greinilega um einn klón að ræða.

Árið 1982 sóttu svo starfsmenn Skógræktarinnar mikið af græðlingaefni sem var fjölgað og selt frá gróðrarstöðinni í Norðtunguskógi í Þverárhlið. Mögulegt er því að um tvo klóna sé að ræða í ræktun undir nafninu Strandavíðir.

**Lýsing og eiginleikar:** Þéttgreinóttur, uppréttur og blaðfallegur karkyns runni allt að 3 m hár. Mjög harðgerður, þolir klippingu vel og hentar vel við erfið vaxtarskilyrði. Þolir vel snjóþyngsli. Var kosinn tré ársins af Skógræktarfélagi Íslands árið 2001.

**Tilraunaræktun:** Í safni Yndisgróðurs í Sandgerði (17 grs. 2009). Er til í Grasagarði Reykjavíkur og Lystigarðinum á Akureyri.

**Aðgengi:** Er mjög algengur í ræktun og nánast eini gulvíðirinn sem er faanlegur.

**Heimildir:** Jóhann Pálsson. Víðir og víðiræktun á Íslandi. Skógræktarritið 1997:5-36.

Jón Geir Pétursson, 2001. Strandavíðirinn í Tröllatungu. Skógræktarritið 2001, 2. Tbl.:5-8.

Morgunblaðið, 1994. Strandavíðir og kálfamóavíðir – fást í gróðrarstöðinni Mosskógum í Mosfellsdal. Morgunblaðið 1. júní 1994:20.





*Strandviðir í limgerði á Hólmavík t.v. og í Vestmannaeyjum t.h..*



*Strandaviðir í Tröllatungu í Steingrímsfirði, upphafleg móðurplanta var klippt niður vorið 2009, á öðrum stað á bænum var yngri planta sem er um 3 m á hæð.*



*Frá heimkynnum Strandaviðisins í Selárdal í Steingrímsfirði.  
Mynd: Þórdís Lilja Samsonardóttir, tekin 30. júní 2009.*

#### 7.3.14 *Salix phylicifolia* 'Sólheimar' (Yg 747)

**Uppruni:** Uppruni óþekktur en nafnið bendir til Sólheima í Grímsnesi.

**Lýsing og eiginleikar:** Engin lýsing.

**Tilraunaræktun:** Engin kerfisbundin tilraunaræktun.

**Aðgengi:** Var í framleiðslu hjá gróðrarstöðinni Öl á Sólheimum árin 2002-2003, ekki lengur í ræktun.

**Heimildir:** Friðrik Baldursson, 2007. Börkur.  
Særún Stefánsdóttir. Samtal 17. janúar 2013.

#### 7.3.15 *Salix phylicifolia* 'Tanngarður' (Yg 748)

**Uppruni:** Uppruni óþekktur. Gæti bent til þess að hafa verið af gulvíði þar sem gróðrarstöðin Alaska stóð rétt við hús tannlæknadeildar Háskóla Íslands neðan við gamla landspítalann í Reykjavík.

**Lýsing og eiginleikar:** Engin lýsing.

**Tilraunaræktun:** Engin kerfisbundin tilraunaræktun.

**Aðgengi:** Var í sölu hjá Garðheimum árin 2004-2005.

**Heimildir:** Friðrik Baldursson, 2007. Börkur.

#### 7.3.16 *Salix phylicifolia* 'Tunga' KK (Yg 740)

**Uppruni:** Frá bænum Tungu í Fljótshlíð.

**Lýsing og eiginleikar:** Líkist Brekkuvíði mjög að flestu leyti nema að vera karlkyns.

**Tilraunaræktun:** Engin kerfisbundin tilraunaræktun. Er til í Grasagarði Reykjavíkur og Lystigarðinum á Akureyri.

**Aðgengi:** Er ekki í almennri ræktun.

**Heimildir:** Jóhann Pálsson, 1997. Víðir og víðiræktun á Íslandi. Skógræktarritið 1997:5-36.

### 7.4 Gulvíði og viðjubleendingar – *Salix phylicifolia* x *mysinifolia*

**Uppruni:** Náttúrulegur blendingur gulvíðis (*Salix phylicifolia*) og viðju (*Salix mysinifolia*) sem finnst sjálfsáður víða um land, sérstaklega í nágrenni við þéttbýli og vegi. Blendingar sömu tegunda finnast víða þar sem tegundirnar vaxa náttúrulega t.d. í Svíþjóð þar sem honum hefur verið lýst undir heitinu *Salix x majalis* og á Bretlandi undir heitinu *Salix x tetrapla*. Ekki er talið rétt af grasafræðingum að nota þessi heiti yfir blendinga sem hafa orðið til hérlendis. Margir blendingar hérlendis virðast bera viss einkenni þess að vera komin af Brekkuvíði (*Salix phylicifolia* 'Brekka'), enda víða í ræktun ásamt viðju og eiga því auðvelt með að blandast.

**Vaxtarlag:** Klónar af þessum blendingum sameina oft eiginleika Brekkuvíðis og viðju sem nýtast vel fyrir garð- og landslagsplöntur, vaxtarlag þeirra líkst að mörgu viðju og eru þeir gjarnan nokkuð stórvaxnir. Eiginleikar gulvíðisins og þá í mörgum tilfellum yrkisins 'Brekka' birtist m.a. í salt- og vindþoli og góðri greinabyggingu. Blaðgerðin er oft einhverskonar millistig milli viðju og Brekkuvíðis. Fyrsta yrkið/klóninn sem komst í almenna ræktun var 'Hreggstaðir' eða Hreggstaðavíðir eins og hann er oftast kallaður. Hreggstaðavíðirinn sýndi einstakt harðgerði, sérstaklega hvað varðar salt- og vindþol og varð fljótlega mjög vinsæll í limgerði og skjólbelti. Hann var einnig fullkomlega laus við víðiryð sem oft sést á víði og var það ein meginástæða þess að hann var valinn framyfir yrkið 'Grásteinn' eða Grásteinavíðirinn. Uppúr árinu 2000 fór hinsvegar að bera á mjög svæsinni víðiryðsýkingu í honum, fyrst á Suðurlandi en síðan víðar um land. Svo virðist sem að nýr stofn af víðiryði hafi borist til landsins eða að stökkbreyting hafi orðið sem yrkið 'Hreggstaðir' hefur litla mótstöðu fyrir. Nú er svo komið að Hreggstaðavíðir er talinn ónothæfur vegna þessa. Önnur yrki svo sem 'Þorlákur', 'Rökkur' og

sérstaklega ‘Grásteinn’ eru taldir hafa mun meiri mótstöðu, þeir fá vanalega smávægilega sýkingu af völdum víðiryðs en ekkert sem verður til tjóns eða mikilla lýta. Því miður er þó engu um það að treysta því að alltaf er von á nýjum stökkbreyttum stofnum af víðiryði.

**Blómgun:** Blendingar gulvíðis og víðju eru sérbýlir eins og annar víðir. Að öllu jöfnu er kostur að velja karlkyns klóna því að þeir blómstra fallega gulum rekkjum sem falla svo af að blómstrun lokinni. Kvenkynsklónar blómstra hinsvegar grænleitum rekkjum sem haldast á eftir blómgun til fræþroska, þegar þeir svo að lokum opnast og dreifa fræi með hjálp fræullar. Fræullin er að flestra mati til lýta á runnanum og óþrifa þegar hún berst um. Sjálfsprottnar plöntur af fræi geta orðið til ama.

**Laufblöð:** Blöðin breytileg en á þekktum yrkjum oft breið lensulaga eða oddbaugótt, hárlaus og gljáandi á efra borði en mött á því neðra.

**Haustlitir:** Gulir haustlitir, koma oft seint og eru mismiklir eftir tíðarfari.

**Harðgerði og heilbrigði og ræktun:** Blendingar af þessu tagi sem valdir hafa verið til ræktunar af íslenskum uppruna er að öllu jöfnu mjög harðgerðir. Þola illa skugga og láta fljótt undan síga lendi plöntur í skugga trjáa. Þar sem víðir byrjar almennt seint að vaxa á vorin miðað við annan gróður, þar á meðal illgresi, hentar hann illa sem þekjandi runni.

Heilbrigði blendinga er misjafnt og getur borið á víðiryði í flestum klónum eins og bent var á áður og þeir geta farið illa í maðkaplágu.

**Fjölgun:** Má auðveldlega koma til með vetrargræðlingum og einnig er hægt að nota sumargræðlinga.

**Heimildir:** Hjörtur Þorbjörnsson. Samtal 25. febrúar 2013.



*Gulvíðiblandingar í safninu í Sandgerði sumarið 2012, gróðursettur 2009. Næst er yrkið ‘Skuld’ svo ‘Rökkur’ þá ‘Grásteinn’ og að lokum þar sem ‘Hreggstaðir’ var, en hann drapst eftir annan veturinn eftir að hafa fengið mikinn ryðsvepp ári áður.*

#### 7.4.1 Salix 'Hreggstaðir' - Hreggstaðavíðir (Yg 300)

**Uppruni:** Hreggstaðavíðirinn er uppruninn í gróðrarstöðinni Gróanda á Grásteinum í Mosfellsdal. Sjálfsánum plöntum var um 1980 safnað í einum reit í Gróanda þar sem hjá stóðu limgerði annarsvegar af víðju og hinsvegar af brekkuvíði. Safnað var um 2000 plöntum og þær gróðursettar í eitt limgerði og mun það hafa verið gert af áeggjan Óla Vals Hanssonar. Eftir nokkur ár valdi Óli Valur svo úr þessu limgerði 12 klóna. Óli Valur fékk plöntur af þessum 12 klónum og gróðursetti á Reykjum og af því var ræktað.

Meðal þessara klóna voru bæði 'Hreggstaðir' og 'Grásteinn', báðir settir í sölu um 1990 í gróðrarstöðinni Gróanda.

**Lýsing og eiginleikar:** Upprétur kvenkyns klónn allt að 6 m á hæð og breidd. Greinir sig vel í hliðum við klippingu. Var í upphafi heilbrigðastur þeirra klóna sem voru valdir og sá aldrei víðiryð á honum líkt og t.d. á Grásteinavíðinum og varð hann því ofaná í ræktun. Um 2000 fór hinsvegar að bera á mjög svæsinni víðiryðsýkingu í honum fyrst á Suðurlandi en síðan víðar um land. Svo virðist sem að nýr stofn af víðiryði hafi borist til landsins eða að stökkbreyting hafi orðið sem klónninn 'Hreggstaðir' hefur litla mótstöðu fyrir. Það er svo komið nú að Hreggstaðavíðir er talinn ónothæfur vegna þessa. Hluti af ástæðunni fyrir því hversu illa hann fer er að hann haustar sig fremur seint, seinna en t.d. Grásteinavíðir, þetta veldur því ásamt víðiryðinu að hann kelur samhliða því illa, jafnvel svo að plöntur drepast alveg líkt og í tilraunareit Yndisgróðurs í Sandgerði. Vegna þessarar litlu mótstöðu gegn ryðsvepp ætti Hreggstaðavíðir ekki að vera í ræktun og sölu.

**Tilraunaræktun:** Var í safni Yndisgróðurs í Sandgerði (J4, grs. 2009), en drapst veturinn 2010-2011 vegna víðiryðs.

**Aðgengi:** Var víða í ræktun, en flestar garðplöntustöðvar hafa hætt fjölgun og sölu á honum og margar hverjar skipt yfir í Grásteinavíði eða Rökkurvíði.

**Heimildir:** Ólafur S. Njálsson. Tölvupóstur 17. janúar 2013.  
Björn Sigurbjörnsson. Samtal 11. febrúar 2013.



*Hreggstaðavíðir í Hringsdal í Arnarfirði um 2005.*



*Víðiblandingur 'Hreggstaðir' ásamt öðrum víðiblandingum í safninu í Sandgerði árið 2011. Næst á myndinni t.h. er yrkið 'Hreggstaðir', dautt eftir annan veturinn og að hafa fengið mikinn ryðsvepp árið áður. Næst honum til vinstri er 'Grásteinn' ókallinn og laus við ryð.*

#### 7.4.2 Salix 'Grásteinn' Grásteinavíðir (Yg 301)

**Uppruni:** Uppruninn af tilraunaplöntum á Reykjum í Ölfusi sem Óli Valur Hansson gróðursetti ásamt þremur öðrum víðiklónum, m.a. Hreggstaðavíði frá Gróanda, í tilraunareit fyrir neðan Bananahúsið, þar er núna nýja tilraunagróðurhúsið. Ólafur S. Njálsson endurnýjaði þá tilraun og flutti út í Reit eitt á Tumavöllum og þar eru klónarnir allir ennþá á lífi. Hann tók síðar græðlinga af þessum klón til ræktunnar í Garðplöntustöð sinni í Nátthaga.

**Lýsing og eiginleikar:** Uppréttur karlkyns klónn allt að 6 m á hæð. Greinir sig vel í hliðum við klippingu. Hefur mun betri mótstöðu gegn ryðsvepp. Karlkyns og fær fallegri blómgun en skyldir klónar, þar sem skærgulir rekkjar birtast um allt limgerðið á dvergsprotum, sama hversu stíft limgerðið er klippt. Grásteinavíðir er með mest gljáandi blöðunum á eftir gljávíði, en dekkri. Þau eru stór, breiðsporbaugótt og dökkgræn og gljáandi. Greinar skiptast í tvennt. Langsprotar sem vaxa hátt í metra á ári og svo dvergsprotar innanum sem mynda mikið af blómbrumum. Hann blómstrar rétt áður en blöðin spretta út, þess vegna verður hann fallegur á vorin. Runninn er grófgreinóttastur af líkum blendingum sem eru í ræktun. Fær ryðsvepp (stórar doppur) og tjörusvepp eins og sést á Brekkuvíði, en hann hefur samt aldrei kalið. Hefur komið best út úr óformlegri tilraun Ólafs S. Njálssonar í saltþolsprófunum í Selvogi.

**Tilraunaræktun:** Er í safni Yndisgróðurs í Sandgerði (J3, grs. 2009).

**Aðgengi:** Er í ræktun hjá Garðplöntustöðinni Nátthaga í Ölfusi.

**Heimildir:** Ólafur S. Njálsson. Tölvupóstur 17. janúar 2013.



*Mynd tv: 'Grásteinn' í Sandgerði sumarið 2011 t.v. og mynd th: í limgerði í garðplöntustöðinni Gróanda á Grásteinum t.h.*

#### 7.4.3 Salix 'Rökkur' Rökkurvíðir (Yg 103)

**Uppruni:** Uppruninn úr garði í Þorlákshöfn, Jón Ingi Jónsson þáverandi garðyrkjustjóri í Þorlákshöfn kom með greinar til Ólafs S. Njálssonar í Nátthaga. Hann gæti verið uppruninn frá Gróanda, líkt og 'Hreggstaðir' og 'Grásteinn'.

**Lýsing og eiginleikar:** 'Rökkur' er líkur 'Hreggstöðum' að mörgu leyti, greinar hans eru þó miklu stífari og laufblöð stífari og meira gljáandi og bláleitari þegar líður á sumarið. Er salt- og vindþolinn líkt og 'Hreggstaðir'. Smitast nokkuð af víðiryði þó minna en 'Hreggstaðir', en hann þolir það betur og kelur aldrei neitt líkt og 'Hreggstaðir'.

**Tilraunaræktun:** Er í safni Yndisgróðurs í Sandgerði (J2, grs. 2009)

**Aðgengi:** Er í ræktun hjá Garðplöntustöðinni Nátthaga í Ölfusi.

**Heimildir:** Ólafur S. Njálsson. Tölvupóstur 17. janúar 2013.



*Víðiblendingur 'Rökkur' sumarið 2011 í Sandgerði, gróðursettur 2009.*

#### 7.4.4 Salix 'Skuld' Skuldarvíðir (Yg 302)

**Uppruni:** Fundinn við Smalakofa Jóns Magnússonar og tekin í ræktun af honum í gróðrarstöðinni Skuld.

**Lýsing og eiginleikar:** Kvenklónn og er mjög líkur Þorláksvíði á allan hátt, en heldur hærðari á ungum blöðum og sprotum. Skuldarvíðir er mjög salt- og vindþolinn, þéttgreinóttur og talinn hentugur í limgerði. Hann lýkur vexti um miðjan ágúst og kelur mjög sjaldan en getur fengið nokkuð víðiryð.

Skuldarvíðir líkist meira gulvíði heldur en viðju.

**Tilraunaræktun:** Er í safni Yndisgróðurs í Sandgerði (J1, grs. 2009).

**Aðgengi:** Er í ræktun hjá Garðplöntustöðinni Nátthaga í Ölfusi.

**Heimildir:** Ólafur S. Njálsson. Tölvupóstur 17. janúar 2013.



*Víðiblendingur 'Skuld' sumarið 2011 í Sandgerði, gróðursettur 2009.*

#### 7.4.5 Salix 'Þorlákur' (Yg 458)

**Uppruni:** Uppruninn úr garði í Þorlákshöfn, Jón Ingi Jónsson þáverandi garðyrkjustjóri í Þorlákshöfn kom með greinar til Ólafs S. Njálssonar í Nátthaga.

**Lýsing og eiginleikar:** Upprétur karlkyns klónn allt að 4 m á hæð og breidd. Greinir sig vel í hliðum við klippingu. Líkist nokkuð venjulegum gulvíði. Hefur góða mótstöðu gegn ryðsvepp. Er salt og vindþolinn líkt og 'Hreggstaðir'.

**Tilraunaræktun:** Er í safni Yndisgróðurs í Sandgerði (O9, grs. 2010).

**Aðgengi:** Er í ræktun hjá Garðplöntustöðinni Nátthaga í Ölfusi.

**Heimildir:** Ólafur S. Njálsson. Tölvupóstur 17. janúar 2013.



*Víðiblandingur 'Þorlákur' sumarið 2012 í Sandgerði, gróðursettur 2010*



## Heimildir

- Anamthawat-Jónsson, K. (18. janúar 2013). Símtal. (Samson. B. Harðarson, spyrill)
- Ása L. Aradóttir og Kristín Svavarsdóttir (2006). *Gulvíðir og loðvíðir eiga víða við - leiðbeiningar um ræktun*. Landgræðsla ríkisins.
- Ása L. Aradóttir og Kristín Svavarsdóttir (1999). *Notkun innlendra víðitegunda til uppgræðslu og landbóta- Áfangaskýrsla 1997-1998*. Gunnarsholt: Landgræðsla ríkisins.
- Ása L. Aradóttir og Kristín Svavarsdóttir (2007). Clonal variability of native willows (*Salix pylicifolia* and *Salix lanata*) in Iceland and implications for use in restoration. *Icelandic Agricultural Sciencis*, 61-72.
- Börset, O. (1985). *Skogskjötsel I, Skogökologi*. Oslo: Landbruksforlaget.
- Christopher, N. (1992). *Willows- the Genus Salix*. London: B.T. Batsford Ltd.
- Einar Helgason. (1914). *Bjarkir - Leiðarvísir í garðrækt og blómækt*. Reykjavík
- Flensburg, C. E. (1901). Skovrester og Nyanlæg af Skov paa Island. *Tidsskrift for Skovvæsen Bd. XIII, B.*, 1-91.
- Flensburg, C. E. (1905). Islands Skovsag. *Tidsskrift for Skovvæsen Bd. XVIII, B.*, 1-28.
- Friðrik Baldursson. (2007). *Börkur - hagnýtur gagnagunnur um trjágróður á Íslandi*. Reykjavík.
- Ingólfur Davíðson & Ingimar Óskarsson. (1950). *Garðagróður*. Reykjavík.
- Ingólfur Davíðson, I. Ó. (1968). *Garðagróður*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- Jóhann Pálsson. (1997). Víðir og víðiræktun á Íslandi. *Skógræktarritið*, 5-36.
- Jóhann Pálsson. (27. febrúar 2013). (Samson Bjarnar Harðarson, spyrill)
- Jón Rögnvaldsson. (1953 (1937)). *Skrúðgarðar 2. útg.* Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja H.F.
- Kristín Svavarsdóttir (ritstj.). (2006). *Innlendar víðitegundir - Líffræði og notkunnarmöguleikar í landgræðslu*. Reykjavík: Landgræðsla ríkisins.
- Magnússon, S. H. (2001). Effect of enhancement of willow (*Salix* spp.) on establishment of birch (*Betula pubescens*) on eroded soils in Iceland. *Nordic Mountain Birch Ecosystems*, 317-329.
- Morgunblaðið. (6. Júlí 1962). Hið nýja andlit Reykjavíkur. *Morgunblaðið*, bls. 3.
- Norrie, J. O. (1997). *Status for 21 jyske læhegn. Park- og Landskabsserien nr. 16-1997*. Hörsholm: Forskningscenteret for Skov- og landskab.
- Ólafur Sturla Njálsson. (2005). *Tré og runnar, 3. hluti. Salix*. Nátthagi, Ölfusi.
- Óli Valur Hansson. (1967). *Skrúðgarðabókin*. Reykjavík: Garðyrkjufélag Íslands.
- Óli Valur Hansson. (1972). Um víðitegundir. *Garðyrkjuritið*, 16-18.
- Samson Bjarnar Harðarson. (2009a). Um kosti og galla víðis í ræktun. *Skógræktarritið 2009*, 48-58.
- Sigtryggur Guðlaugsson. (1909-1949). *Skrúður á Núpi – Græðsla og gróður í fjörtíu ár (1909-1949)*. Óbirt í heild en útgefin að hluta af framkvæmdasjóði Skrúðs árið 2004.
- Sigurður Arnarson a. Loðvíðir. birt 29. september 2022 <https://www.kjarnaskogur.is/post/salix-lanata>
- Sigurður Arnarson b. Íslenskur víðir birt 26. október 2022 <https://www.kjarnaskogur.is/post/islenskur-vidir>

- Viereck, L. A. (1989). Flood-plain succession and vegetation classification in interior Alaska. Í D. E. Ferguson, P. Morgan, & F. D. Johnson, *Proceedings—land classifications based on vegetation: applications for resource management; 1987 November 17-19; Moscow, ID. Gen. Tech. Rep. INT-257*. (bls. 197-203). Ogden, UT: U.S.: Department of Agriculture, Forest Service, Intermountain Research Station.
- Viereck, L. A. (2007). *Alaska Trees and Shrubs, Second edition*. Fairbanks: University of Alaska Press.
- Walker, L. R., Zasada, J. C., & Chapin, F. S. (1986). *The role of life history processes in primary succession on an Alaskan floodplain*. Ecology.